

**Samantekt ráðuneyta á aðgerðum  
vegna falls bankanna og áhrifa þess á efnahagslífið**

Blaðamannafundur ríkisstjórnarinnar 24. Mars 2009

Birt með fyrirvara um viðbætur/breytingar  
sjá nánar á [www.island.is](http://www.island.is)

Samantekt ráðuneyta á aðgerðum vegna falls bankanna og áhrifa þess á efnahagslífið.....	1
Forsætisráðuneyti.....	4
Samhæfing aðgerða.....	4
Upplýsingamiðstöð stjórnvalda.....	5
Umbætur á fjármálamarkaði, endurreisn efnahagslífsins .....	5
Lýðræðisumbætur .....	6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.....	7
Rannsókn á falli bankanna .....	7
Aðgerðir í þágu heimilanna, bætt staða fólks í greiðsluvanda .....	7
Félags- og tryggingamálaráðuneyti .....	8
Aðgerðir í atvinnumálum .....	8
Aðgerðir í þágu heimilanna, húsnæðismál og úrræði vegna greiðsluferfiðleika.....	10
Velferðin varin .....	11
Velferðarvakt sett á laggirnar.....	12
Jafnréttisvakt sett á fót .....	13
Aðrar aðgerðir og breytt vinnubrögð.....	13
Fjármálaráðuneyti .....	14
Málefni lífeyrissjóðanna.....	14
Aðgerðir í þágu heimilanna .....	14
Endurreisn efnahagslífsins, aðgerðir í þágu fyrirtækja .....	15
Ríkisfjármál.....	16
Óformlegar aðgerðir .....	16
Heilbrigðisráðuneyti .....	18
Sálrænn stuðningur og geðheilbrigði.....	18
Velferðin varin .....	19
Ábyrg stefna í ríkisfjármálum, uppgreiðsla skulda við lyfjafyrirtæki .....	20
Iðnaðarráðuneyti.....	21
Aðgerðir í atvinnumálum .....	21
Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki.....	21
Fjárfestingasamningur vegna álvers í Helguvík .....	22

Framtíðarstefna atvinnulífsins eftir efnahagshrun .....	22
Ferðamál .....	22
Menntamálaráðuneyti .....	23
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	23
Efling skólstarfs .....	23
Samráðshópar um aðgerðir til að mæta minnkandi framlagi til mennta- og menningarmála .....	25
Velferð barna og unglinga .....	25
Samgönguráðuneyti .....	26
Sveitarstjórnarmál .....	26
Aðgerðir í atvinnumálum, samgönguframkvæmdir .....	26
Endurskoðun samgöngustofnana til hagræðingar .....	26
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti .....	27
Aðgerðir í atvinnumálum .....	27
Nýsköpun .....	27
Endurskipulagning verkefna Hafrannsóknarstofnunar .....	28
Umhverfisráðuneyti .....	29
Aðgerðir í atvinnumálum, verkefni til atvinnusköpunar .....	29
Utanríkisráðuneyti .....	30
Samskipti við önnur ríki .....	30
Samskipti á vettvangi alþjóðastofnana .....	32
Erlendir fjölmiðlar og upplýsingamiðlun .....	33
Aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki .....	33
Viðskiptaráðuneyti .....	35
Umbætur á fjármálamarkaði, endurreisn efnahagslífsins .....	35
Aðgerðir í þágu heimila og viðskiptalífs .....	36
Rannsókn á falli bankanna og endurskoðun á lögum um fjármálamarkað .....	38
Aðgerðir til eflingar atvinnustarfsemi .....	39
Samstarf, starfshópar og nefndir .....	39

## Forsætisráðuneyti

### Samhæfing aðgerða

Forsætisráðuneytið hefur haft yfirsýn yfir og samræmt aðgerðir þeirra ráðuneyta og stofnana sem helst hafa haft með afleiðingar bankahrunsins að gera.

Um leið atburðarásin hófst setti ríkisstjórnin upp starfshóp fjögurra ráðherra til að hafa yfirumsjón með aðgerðum. Undir honum starfaði stýrihópur með fulltrúum helstu ráðuneyta og stofnana sem að málum koma og sá um að samhæfa aðgerðir og viðbrögð stjórnvalda.

Viðbragðsteymi undir forystu forsætis- og utanríkisráðuneytis var sett á laggirnar sunnudagskvöldið 5. október. Í því voru aðstoðarmenn ráðherra, framkvæmdastjórar stjórnarflokkanna, ýmsir embættismenn utanríkisþjónustunnar, fjölmiðlafulltrúar og fjöldi sérfræðinga frá fjármálastofnunum og -fyrirtækjum.

Forsætisráðuneytið hefur frá því í byrjun október haft í sinni þjónustu breska og íslenska lögmansstofu í London til að vera ráðgefandi um gæslu íslenskra hagsmuna og hugsanlega málsókn ríkis og banka á hendur breskum stjórnvöldum.

Sérstök þjónustumiðstöð var sett upp í Miðbæjarskólanum fyrir erlenda fjölmiðlamenn. Einnig var opnaður vefur með ljósmyndum og upptökum af blaðamanna-fundum ríkisstjórnarinnar, sem þá voru haldnir daglega.

Forsætisráðuneytið tilkynnti í október um samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi með þau meginmarkmið að endurvekja traust á íslenskum efnahag, koma á stöðugu gengi krónunnar, undirbúa markvissar aðgerðir til að styrkja stöðu ríkissjóðs og endurreisa íslenskt bankakerfi.

Forsætisráðuneytið réði í október, Ásmund Stefánsson sem sérstakan ráðgjafa í bankamálum til að endurskipuleggja bankakerfið til samræmis við samkomulag stjórnvalda við AGS. Ásmundur lauk störfum í desember þegar hann varð stjórnarformaður Landsbanka Íslands. Ásmundur hafði jafnframt yfirumsjón með þeim margvíslegu starfshópum sem þá störfuðu, var tengiliður á milli þeirra innbyrðis og gagnvart forsætisráðherra og ríkisstjórn.

Undir stjórn Ásmundar var sett á laggirnar svokallað „control tower“ eða stjórnstöð, þar sem helstu sérfræðingar, innlendir og erlendir komu saman daglega. Sérstakur ráðgjafahópur forsætisráðherra hittist sömuleiðis daglega.

Í nóvember var sett á laggirnar sérstök skrifstofa innan ráðuneytisins, efnahags- og alþjóðafjármálaskrifstofa sem meðal annars heldur utan um og fylgir eftir efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Áætlun íslenskra stjórnvalda um efnahagsstöðugleika lögð fyrir Alþingi og sérstakur upplýsingavefur um samstarfið við AGS opnaður á heimasíðu forsætisráðuneytisins. Þær upplýsingar eru nú aðgengilegar á [www.island.is](http://www.island.is).

Forsætisráðuneytið naut þjónustu ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey á ýmsum sviðum fyrstu 10 vikunnar eftir bankahrunið og aðeins skemur var norskur sérfræðingur í krísustjórnun starfsmönnum ráðuneytisins til ráðgjafar.

Í desember réð forsætisráðuneytið sænska bankasérfræðinginn Mats Josefsson til starfa en hann hefur haft umsjón með endurreisnarnefnd bankakerfisins.

Í janúar tók Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri við sem formaður samræmingarnefndar sem tryggir samstarf ráðuneyta og stofnana vegna uppbyggingar bankakerfisins.

Í febrúar var sett á fót framkvæmdanefnd um efnahagsstefnu ríkisstjórnar sem í eiga sæti forsætisráðherra, fjármálaráðherra og sérstakur verkefnisstjóri sem sér um samræmingu ólíkra aðgerða og mála.

### **Upplýsingamiðstöð stjórnvalda**

Upplýsingamiðstöð stjórnvalda er starfrækt í forsætisráðuneytinu með aðkomu annarra ráðuneyta eftir þörfum.

Upplýsingagjöf ráðuneytisins var eflað með ráðningu upplýsingafulltrúa í nóvember, en auk hans var sérfræðingur í upplýsingamiðlun fenginn til liðs við upplýsingamiðstöðina.

Upplýsingar um efnahagsáætlun stjórnvalda, aðrar aðgerðir vegna endurreisnar efnahagslífsins og um það hvert einstaklingar í vanda geta snúið sér, auk ýmissa annarra gagnlegra upplýsinga hafa verið settar upp á sérstökum vefhlutum á [www.island.is](http://www.island.is) og [www.iceland.org](http://www.iceland.org)

Í nóvember og desember héldu forsætis- og utanríkisráðherra vikulega blaðamannafundi, oftast í ráðherrabústaðnum.

Í febrúar hófust vikulegir blaðamannafundir nýrrar ríkisstjórnar í Þjóðmenningarhúsinu, þeir eru teknir upp og eru aðgengilegir á [www.island.is](http://www.island.is). Jafnframt var verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar sett fram á vefnum, hún uppfærð daglega og dagskrá ríkisstjórnarfunda kynnt ítarlegar en áður.

Í mars var upplýsingagjöf til almennings stóraukin og [www.island.is](http://www.island.is) endurgerð og margháttaðu ítarefni bætt við.

Upplýsingamiðstöð stjórnvalda svarar fyrirspurnum almennings í síma 800 1190 milli 9 og 17 alla virka daga. Upplýsingamiðstöðin svarar einnig erindum sem berast bréflaga og fylgir því eftir að erindum sem berast stofnunum ríkisins vegna efnahagshrunsins sé svarað.

### **Umbætur á fjármálamarkaði, endurreisn efnahagslífsins**

Finnanum Kaarlo Vilho Jännäri var falið að greina hvaða þættir urðu þess valdandi að fjármálakerfið hrundi, bæði m.t.t. þess hvernig laga- og reglugerðaumhverfi hefur verið háttáð hér á landi og hvernig staðið hefur verið að eftirliti og framkvæmd laga og reglna. Skýrsla Jännäris verður birt í mars.

Yfirstjórn Seðlabanka Íslands var endurskipulögð í febrúar. Bankastjórum fækkað úr þremur í einn, stöður bankastjóra og aðstoðarbankastjóra auglýstar og peningastefnunefnd skipuð sérfræðingum á sviði peningamála komið á fót. Nefndin tekur allar meiriháttar ákvarðanir er varða stefnu og framkvæmd peningamála sem á verksviði bankans eru.

Skipaðir bankastjóri og aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands til bráðbirgða i samræmi við ný lög um bankann sem samþykkt voru á Alþingi.

Alþjóðlega ráðgjafarfirmakerfið Oliver Wyman ráðið til að sinna ýmsum verkefnum fyrir forsætisráðuneytið sem varða t.d. endurreisn atvinnulífsins og endurreisn bankakerfisins.

Starfsáætlun endurreisnarnefndar bankakerfisins samþykkt í ríkisstjórn og kynnt opinberlega í janúar. Í febrúar voru erlendir samningamenn fengnir til að verja hagsmuni skattgreiðenda og ríkisins vegna uppgjörs gömlu og nýju bankanna.

Fjöl margar nefndir og hópar skipaðir til að sinna einstökum atriðum við endurreisn efnahagslífsins, þeirra á meðal hópur sem heldur utan um samninga milli gömlu og nýju bankanna, hópur sem sinnir smærri fjármálastofnunum, samninganefnd vegna Icesave málsins, samningnefnd vegna lánveitinga erlendra ríkja svo eitthvað sé nefnt.

### **Lýðræðisumbætur**

Í febrúar var settur á fót ráðgjafahópur undir forystu Bjargar Thorarensen, til að vinna að breytingum á stjórnarskrá og tillögum um lýðræðisumbætur.

Í mars var mælt fyrir frumvarpi um breytingar á stjórnskipunarlögum, að tillögum ráðgjafahóps, sem gera ráð fyrir breytingum á stjórnarskránni meðal annars til að lögfesta heimildir um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Í mars var mælt fyrir frumvarpi um stjórnlagabing sem á að hafa það verkefni að endurskoða stjórnarskrá

Í mars var mælt fyrir frumvarpi um breytingar á kosningalögum sem gera ráð fyrir persónukjöri. Að frumkvæði forsætisráðherra skulu ráðherrar án tafar greina frá fjárhagslegum hagsmunum sínum og nefnd hefur verið skipuð gera tillögur að siðareglum fyrir stjórnsýsluna.

## **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**

### **Rannsókn á falli bankanna**

#### ***Embætti sérstaks saksóknara komið á fót***

Með lögum nr. 135/2008 sem tóku gildi 12. desember var komið á fót embætti sérstaks saksóknara sem hefur það hlutverk að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar bankahrunsins, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn. Ólafi Þór Haukssyni, sýslumanni á Akranesi, var 13. janúar sl. falið að gegna embættinu. Embætti hins sérstaka saksóknara tók formlega til starfa 1. febrúar síðastliðinn. Nánari upplýsingar eru á vef sérstaks saksóknara, [www.serstakursaksoknari.is](http://www.serstakursaksoknari.is)

#### ***Rýmri rannsóknarheimildir fyrir embætti sérstaks saksóknara***

Dóms- og kirkjumálaráðherra lagði fram frumvarp 11. mars 2009 um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara. Með frumvarpinu er lagt til að heimildir embættisins til þess að kalla eftir upplýsingum og gögnum verði gerðar skýrar og ótvíræðar. Er breytingunum ætlað að efla og styrkja embættið og gera því enn frekar kleift að upplýsa, rannsaka og eftir atvikum gefa út ákærur í málum sem falla undir lög nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara. Frumvarpið er til umfjöllunar í allsherjarnefnd.

#### **Aðgerðir í þágu heimilanna, bætt staða fólks í greiðsluvanda**

Í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar hefur dóms- og kirkjumálaráðherra lagt fram frumvarp um greiðsluaðlögun og frumvarp um breytingu á lögum um aðför, nauðungarsölu og gjaldþrotaskipti. Markmið þessara frumvarpa er bæta stöðu þess fólks sem á í miklum greiðsluvanda og tryggja þessum hópi virkari úrræði til að endurskipuleggja fjármál sín með varanlegum hætti. Frumvörp þessi eru nú til umfjöllunar í allsherjarnefnd.

## **Félags- og tryggingamálaráðuneyti**

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur gripið til margvíslegra aðgerða undanfarna mánuði til þess að mæta þeim vanda sem steðjar að einstaklingum og fjölskyldum vegna yfirstandandi efnahagserfiðleika. Aðgerðirnar eru einkum á sviði *vinnumála og húsnæðismála* og varða jafnframt hagsmuni heimila og fjölskyldna á einn eða annan hátt. Ýmsar úrbætur voru gerðar á almannatryggingakerfinu árið 2008 til að bæta hag þeirra sem hafa lökust kjörin. Við gerð fjárlaga ársins 2009 og aðhaldsaðgerða sem þar var gripið til var lögð áhersla á að verja kjör þeirra hópa sem minnst hafa. Hér á eftir eru raktar helstu aðgerðir sem gripið hefur verið til á liðnum mánuðum.

### **Aðgerðir í atvinnumálum**

#### ***Vinnumálastofnun efl***

Starfsemi Vinnumálastofnunar hefur verið efla verulega til að mæta vaxandi álagi og ýmsu hefur verið breytt í vinnulagi stofnunarinnar til að bæta þjónustu og auka skilvirkni. Rafræn þjónusta hefur meðal annars verið aukin til þess að tryggja skjóta afgreiðslu og öruggt aðgengi almennings.

#### ***Atvinnuleysisbætur á móti hlutastarfi til að sporna gegn atvinnuleysi***

Með breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar sem samþykkt var á Alþingi í nóvember var heimilað að greiða fólki sem er í hlutastarfi tekjutengdar atvinnuleysisbætur (hlutabætur) í lengri tíma en áður og skerðing atvinnuleysisbóta vegna launagreiðslna fyrir hlutastarf var felld niður. Markmið breytinganna var meðal annars að sporna við vaxandi atvinnuleysi með því að ýta undir að atvinnurekendur semji um lægra starfshlutfall við starfsfólk sitt í stað þess að grípa til uppsagna. Ákvæðið um hlutabætur er tímabundið og gildir til 1. maí 2009. Félags- og tryggingamálaráðherra hefur nú lagt fram frumvarp um endurskoðun ákvæðisins og samkvæmt því verður gildistími þess framlengdur til 31. desember 2009.

#### ***Rýmri réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta***

Einstaklingar sem starfa sjálfstætt eiga nú rýmri rétt til atvinnuleysisbóta en áður. Í því felst að þeir geta nú tekið að sér tilfallandi verkefni án þess að stöðva reksturinn alveg en haldið rétti sínum til atvinnuleysisbóta. Skilyrði fyrir þessu eru meðal annars þau að viðkomandi einstaklingur tilkynni skattayfirvöldum um verulegan samdrátt í rekstrinum sem leiði til tímabundins atvinnuleysis og skili til skattayfirvalda viðeigandi rekstrargögnum þann tíma sem þeir fá greiddar atvinnuleysisbætur. Gildistími lagaákvæðis um þetta rennur út 1. maí 2009 en samkvæmt frumvarpi sem félags- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi verður gildistíminn framlengdur til 31. desember 2009.

#### ***Hækkun atvinnuleysisbóta***

Ákveðið var að flýta hækkun atvinnuleysisbóta sem ráðgerð var 1. mars 2009 og láta hækkunina taka gildi 1. janúar 2009. Grunnatvinnuleysisbætur þess sem telst að fullu tryggður eru nú 6.900 kr. á dag. Frá sama tíma var hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta hækkuð í 242.636 kr. á mánuði Jafnframt var frítekjumark samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar hækkað í 59.047 kr. á mánuði.

#### ***Efling vinnumarkaðsúrræða***

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur á undanförunum mánuðum lagt kapp á að virkja og efla helstu vinnumarkaðsúrræði sem ráðuneytið og stofnanir þess hafa yfir að ráða og finna nýjar leiðir til að sporna við vaxandi atvinnuleysi. Í janúar 2009 voru settar tvær nýjar reglugerðir um fjölbreytt



vinnumarkaðsúrræði sem ætlað er að auðvelda fólki án atvinnu að halda virkni sinni, stuðla að tengslum þess við atvinnulífið og skapa fólki leiðir til að bæta möguleika sína til atvinnuþátttöku á nýjan leik. Nánar er fjallað um ýmis úrræði sem kveðið er á um í *Reglugerð um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og Reglugerð um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði*

#### ***Réttur fólks til atvinnuleysisbóta samhliða þátttöku í ýmsum verkefnum***

Þeir sem eru án atvinnu og fá greiddar atvinnuleysisbætur eiga kost á því að taka þátt í ýmsum verkefnum (vinnumarkaðsúrræðum) og fá atvinnuleysisbætur greiddar samhliða. Einnig hafa fyrirtæki og stofnanir ákveðnar heimildir til að ráða tímabundið til sín fólk sem fær greiddar atvinnuleysisbætur þannig að atvinnuleysisbæturnar fylgja viðkomandi inn í fyrirtækið. Atvinnurekandinn greiðir þá laun sem leggjast við atvinnuleysisbæturnar þannig að viðkomandi nýtur sambærilegra launakjara og aðrir sem hjá honum starfa. Vinnumálastofnun greiðir mótframlag í lífeyrissjóð.

Ráðningar sem þessar þurfa að byggjast á samningi Vinnumálastofnunar við viðkomandi atvinnuleitanda og atvinnurekanda. Heimildir til tímabundinna ráðninga af þessu tagi ná til *starfsþjálfunar og ráðningar til reynslu*, sérstakra *átaksverkefna* sem fela í sér tímabundin verkefni umfram venjuleg umsvif og til *frumkvöðlastarfa* þar sem einstaklingur er ráðinn til að þróa nýja viðskiptahugmynd. Vinnumálastofnun er einnig heimilt að semja beint við atvinnuleitendur um að þeir vinni að þróun eigin viðskiptahugmynda í tiltekinn tíma án þess að atvinnuleysisbætur skerðist. Þegar atvinnuleitendur eru ráðnir til frumkvöðlastarfa er skilyrði að Nýsköpunarmiðstöð Íslands votti um nýsköpunarvægi verkefnisins og fylgist með framgangi þess.

#### ***Sjálfbóðaliðastörf sem virkt vinnumarkaðsúrræði***

Tekið hefur verið upp það nýmæli að skilgreina sjálfbóðaliðastörf sem virkt vinnumarkaðsúrræði þannig að frjáls félagasamtök geti boðið atvinnuleitendum þátttöku í verkefnum sínum. Í reglugerð er kveðið á um rétt fólks sem fær greiddar atvinnuleysisbætur til þess að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi samhliða virkri atvinnuleit. Gert er ráð fyrir að samningur sé gerður um slík störf milli Vinnumálastofnunar og viðkomandi félagasamtaka sem ber að slysatryggja sjálfbóðaliðann.

#### ***Atvinnutengd endurhæfing***

Vinnumálastofnun hefur verið veitt heimild til að gera tímabundinn samning um starfsendurhæfingu við fólk með skerta starfsorku sem er í atvinnuleit án þess að það tapi rétti sínum til atvinnubóta. Þeir sem nýta þetta úrræði skuldbinda sig til að taka fullan þátt í skipulagðri endurhæfingaráætlun en Vinnumálastofnun greiðir viðkomandi atvinnuleysisbætur samhliða endurhæfingunni.

#### ***Réttur fólks til atvinnuleysisbóta samhliða námi***

Þeir sem eru án atvinnu eiga kost á því að stunda ýmiss konar nám og námskeið og fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða, í samræmi við áunnin réttindi sín. Vinnumálastofnun metur hvaða námskeið uppfylla skilyrði fyrir því að fólk haldi rétti til atvinnuleysisbóta í samræmi við *Reglugerð um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði*.

### ***Rýmri skilyrði fyrir búferlastyrkjum***

Í reglugerð er kveðið á um rétt fólks í atvinnuleit til búferlastyrkja sem ætlaðir eru til að auðvelda fólki flutning milli sveitarfélaga hafi því boðist starf í öðru sveitarfélagi en því sem það hefur skráð lögheimili sitt. Réttur til búferlastyrkja hefur verið rýmkaður að því leyti að ekki er lengur skilyrði fyrir styrk að viðkomandi hafi verið atvinnulaus í þrjá mánuði áður en hann flytur.

### ***Starfshópur um leiðir til að sporna við atvinnuleysi***

Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði starfshóp með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaganna, fjármálaráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins til að móta tillögur um aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi og fylgja eftir notkun þeirra vinnumarkaðsúræða sem eru fyrir hendi. Hópurinn skilaði fyrstu tillögum sínum um aðgerðir í febrúar 2009.

### ***Atvinnutækifæri í Kanada***

Félags- og tryggingamálaráðherra og ráðherra atvinnu- og innflytjendamála í Manitoba í Kanada undirrituðu í mars 2009 samkomulag sem ætlað er að skapa tímabundna atvinnumöguleika fyrir Íslendinga sem vilja starfa í Manitoba.

## **Aðgerðir í þágu heimilanna, húsnæðismál og úrræði vegna greiðsluferfiðleika**

### ***Greiðslujöfnun fasteignaveðlána***

Í lok október 2008 skipaði félags- og tryggingamálaráðherra hóp sérfræðinga til að skoða leiðir til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtryggingar. Hópurinn lagði til að tekin yrði upp greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga til að mæta vaxandi greiðslubyrði verðtryggðra lána samhliða minnkandi kaupmætti. Þetta var gert með lagabreytingu í nóvember.

### ***Úrræði Íbúðalánasjóðs vegna greiðsluvanda einstaklinga***

Heimildir Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við lántakendur í greiðsluvanda hafa verið rýmkaðar og innheimtuaðgerðir stofnunarinnar mildaðar. Til nýrra úrræða telst heimild sem leyfir afturköllun nauðungarsölu gegn greiðslu þriðjungs vanskila í stað helmings vanskila áður. Þá var rýmingarferli uppboðsíbúða lengt úr einum mánuði í þrjá. Heimildir til greiðslufrestunar vegna sölutregðu á eldri íbúð hafa verið rýmkaðar. Þessar heimildir koma til viðbótar eldri úrræðum Íbúðalánasjóðs til að mæta fólki í greiðsluvanda, svo sem um skuldbreytingu vanskila, lengingu lána og frystingu afborgana (af höfuðstól, verðbótum og vöxtum) um allt að þrjú ár.

### ***Tilmæli til fjármálastofnana um úrræði við viðskiptavinum í greiðsluferfiðleikum***

Um miðjan október 2008 beindi ríkisstjórnin tilmælum til fjármálastofnana að bjóða fólki í greiðsluferfiðleikum sömu úrræði og bjóðast viðskiptavinum Íbúðalánasjóðs.

### ***Lánstími greiðsluferfiðleikalána lengdur***

Með breytingu á lögum um húsnæðismál sem samþykkt var á Alþingi í desember 2008 var heimilað að lengja lánstíma lána vegna greiðsluferfiðleika í allt að 30 ár í stað 15 ára og hámarkslánstími hjá sjóðnum er lengdur úr 55 árum í 70 ár. Lenging hámarkslánstíma í 70 ár er gerð til að tryggja að allir geti nýtt sér heimild til skuldbreytingar láns í 30 ár.

### ***Heimild Íbúðalánasjóðs til að annast leigumiðlun íbúðarhúsnæðis***

Með fyrrnefndri breytingu á lögum um húsnæðismál var Íbúðalánasjóði gert heimilt að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn hefur leyst til sín á nauðungarsölu. Megintilgangur þessa ákvæðis er að gera leigjendum íbúða sem sjóðurinn hefur eignast á nauðungaruppbóði, eða eigendum íbúða sem hafa misst þær vegna greiðsluferfiðleika, kleift að búa áfram í íbúðinni í tiltekinn tíma gegn leigu. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skilyrði varðandi útleigu sjóðsins á íbúðarhúsnæði og fyrirkomulag þess í reglugerð og er unnið að því í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

### ***Heimild Íbúðalánasjóðs til að taka yfir íbúðaveðlán fjármálafyrirtækja***

Íbúðalánasjóði hefur verið veitt heimild til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi að því tilskildu að kaupin séu til þess fallin að tryggja öryggi lána á íbúðalánamarkaði og hagsmuni lántakenda. Heimildin á jafnt við um lán í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum en sem stendur hafa ekki verið teknar ákvarðanir um yfirtöku sjóðsins á erlendum lánnum.

### ***Rýmri útlánareglur og fjölgun lánaflokka hjá Íbúðalánasjóði***

Í janúar 2009 setti félags- og tryggingamálaráðherra tvær reglugerðir sem fólu í sér rýmri útlánareglur og fjölgun lánaflokka hjá Íbúðalánasjóði. Helstu nýmæli fólust í nýjum lánaflökki sem heimilar lánveitingar til endurbóta og viðhalds á leiguíbúðum, rýmri heimildum til að veita fötluðum einstaklingum aukalán vegna sérþarfa og heimild til veðlánaflutninga milli leiguíbúða sem eru í eigu sama lántakanda.

### ***Efld starfsemi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna***

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur verið eflað með auknu fjárframlagi til stofnunarinnar, fjölgun starfsfólks og lengri opnunartíma.

## **Velferðin varin**

### ***Breytingar á lífeyrisgreiðslum***

Ýmsar úrbætur verið gerðar á almannatryggingakerfinu síðastliðið ár til að bæta hag þeirra sem hafa lökust kjör. Við gerð fjárlaga ársins 2009 og aðhaldsaðgerða sem þar var gripið til var lögð áhersla á að verja kjör þeirra lífeyrisþega sem minnst hafa.

Á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins er yfirlit þar sem fram koma helstu breytingar sem gerðar hafa verið á lífeyrisgreiðslum frá 1. janúar 2008 til 1. janúar 2009, upplýsingar um lífeyrisgreiðslur þeirra sem eru 67 ára og eldri, sem og upplýsingar um lífeyri og styrki örorkulífeyrisþega.

Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum var til samræmis við forsendur fjárlagafrumvarpsins samþykkt bráðabirgðaákvæði með lögum um almannatryggingar um að bætur almannatrygginga, meðlagsgreiðslur og fjárhæðir frítekjumarka skyldu hækka um 9,6% árið 2009. Aftur á móti skyldi lágmarksframfærslutrygging á grundvelli laga um félagslega aðstoð hækka um 20%, úr 150.000 krónum í 180.000 krónum á mánuði til að tryggja sérstaklega hag tekjulægstu bótaþeganna.

### ***Hækkun bóta, styrkja og frítekjumarka um 9,6%***

Þann 1. janúar 2009 tóku gildi reglugerðir um hækkun bóta, styrkja og frítekjumarka árið 2009 samkvæmt lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð. Hækkanirnar tóku til lífeyrisgreiðslna elli- og örorkulífeyrisþega, heimilisuppbótar, frekari uppbóta á lífeyri, barnalífeyris, vasapeninga sjúkratryggðra og annarra bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, auk meðlags. Frítekjumörk lífeyrisþega og vistmanna á dvalarheimilum hækkuðu einnig 1. janúar og sömuleiðis mæðra- og feðralaun, umönnunargreiðslur, dánarbætur, maka- og umönnunarbætur, endurhæfingarlífeyrir og fleiri bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Hækkun allra þessara bótaflokka og frítekjumarka nam 9,6%. Sama hækkun varð einnig á greiðslum til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og á fjárhæð ættleiðingarstyrkja.

### ***Hækkun lágmarksframfærslutryggingar lífeyrisþega um 20%***

Í september 2008 gerð breyting á greiðslum til lífeyrisþega sem tryggði þeim tekjulægstu í þeirra hópi ákveðna lágmarksframfærslu. Breytingin var gerð með setningu reglugerðar á grundvelli laga um félagslega aðstoð.

Þann 1. janúar síðastliðinn var fjárhæð lágmarksframfærslu lífeyrisþega hækkuð um 20%.

Lágmarksframfærslutrygging einstaklinga sem fá greidda heimilisuppbót er nú 180.000 krónur á mánuði en 153.500 krónur hjá einstaklingum sem njóta hagræðis af sambúð með öðrum. Við hækkunina 1. janúar fjölgaði verulega í hópi þeirra sem nýtist lágmarksframfærslutryggingin. Fyrir hækkunina voru þeir um 4.000 en eftir hækkun nýtist lágmarksframfærslan um 12.000 manns.

### ***Úttekt á séreignarsparnaði skerðir ekki lengur lífeyrisgreiðslur***

Með breytingu á lögum um almannatryggingar sem tók gildi 1. janúar 2009 var afnumið ákvæði sem fól í sér skerðingu á bótagreiðslum lífeyrisþega þegar þeir tóku út séreignarsparnað í lífeyrissjóðum. Lífeyrisþegar geta því tekið út séreignarsparnað sinn án þess að það skerði bætur almannatrygginga.

### ***Framlenging 100.000 króna frítekjumarks á atvinnutekjur örorkulífeyrisþega***

Þann 1. janúar 2009 var framlengdur gildistími bráðabirgðaákvæðis í lögum um almannatryggingar sem gerir örorkulífeyrisþegum kleift að velja á milli þess að hafa 100.000 króna frítekjumark eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Gert hafði verið ráð fyrir að þetta ákvæði félli úr gildi 1. janúar þar sem að þá yrði komið til framkvæmda nýtt örorkumatskerfi og nýjar viðmiðunarreglur sem kæmu í stað frítekjumarksins. Þar sem endurskoðun örorkumatskerfisins var ekki lokið á tilsettum tíma var umrætt ákvæði um frítekjumark framlengt til 1. janúar 2010.

### ***Hækkun bifreiðastyrkja til hreyfihamlaðra***

Bifreiðastyrkir til hreyfihamlaðra voru hækkaðir um 20% og ýmis skilyrði fyrir styrkjum rýmkuð með reglugerð sem tók gildi í febrúar 2009. Styrkirirnir höfðu þá ekki hækkað í níu ár.

### ***Velferðarvakt sett á laggirnar***

Í febrúar 2008 skipaði félags- og tryggingamálaráðherra 16 manna stýrihóp um velferðarvakt til að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu. Hópnum er einkum ætlað að skoða hvaða hópar fólks má ætla að verði harðast úti og koma með tillögur að gerðum til að mæta aðstæðum þeirra. Áætlað er að ráðherra verði afhent áfangaskýrsla

stýrihópsins um miðjan mars 2009. Komið hefur verið á fót vefsvæði með upplýsingum um starfsemi velferðarvaktarinnar og þar er einnig hægt að koma ábendingum til stýrihópsins.

### **Jafnréttisvakt sett á fót**

Í febrúar 2008 setti félags- og tryggingamálaráðherra á fót sjö manna hóp, jafnréttisvakt, til að meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna. Ætla má að áhrifin séu ekki þau sömu á konur og karla og er hópnum ætlað að fylgjast með því. Hópurinn skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við skipulagningu aðgerða og áætlana um viðbrögð við afleiðingum efnahagsástandsins. Áfangaskýrsla hópsins verður kynnt ráðherra í mars 2009.

### **Aðrar aðgerðir og breytt vinnubrögð**

#### *Samráð, þjónusta, upplýsingar*

Fyrstu viðbrögð félags- og tryggingamálaráðuneytisins við efnahagsvandann voru að efna til reglulegs samráðs með fulltrúum þeirra stofnana ráðuneytisins sem veita einstaklingum þjónustu, svo sem Vinnumálastofnun, Íbúðalánasjóði, Tryggingastofnun ríkisins, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og Barnaverndarstofu. Áhersla var lögð á að fá nákvæma yfirsýn yfir alla þjónustu þessara stofnana, hvernig úrræði tengdust og styddu hvert annað og hvað þyrfti að bæta. Í sama skyni var efnt til samráðs við sveitarfélög og félagsmálastjóra. Fjölmargar stofnanir, félagsamtök og einstaklingar hafa boðið fram þjónustu sína og heldur ráðuneytið yfirlit yfir hana og hefur reglulega samband við þessa aðila.

Reglulegir fundir eru haldnir í félags- og tryggingamálaráðuneytinu með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og Vinnumálastofnun um aðgerðir í vinnumarkaðsmálum. Áhersla hefur verið lögð á að efla upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna hér á landi. Fylgst er með þróun vinnumarkaðarins frá degi til dags.

Reglulegir fundir eru haldnir í félags- og tryggingamálaráðuneytinu með fulltrúum Íbúðalánasjóðs um aðgerðir í húsnæðismálum og þróun mála á húsnæðismarkaði.

Þann 9. október setti félags- og tryggingamálaráðuneytið á fót upplýsingasíðu á Netinu í tengslum við heimasíðu ráðuneytisins þar sem safnað var á einn stað upplýsingum um viðbrögð stjórnvalda og aðgerðir vegna efnahagsvandans ásamt leiðbeiningum um úrræði og þjónustu. Þessi þjónusta hefur nú verið felld undir upplýsingaveituna Island.is.

Ráðuneytið svarar daglega fjölda fyrirspurna frá almenningi sem berast í síma, í gegnum netspjall eða með tölvupóstum og hefur starfsmönnum verið fjölgað til þess að tryggja skjóta svörun erinda.

## Fjármálaráðuneyti

### Málefni lífeyrissjóðanna

#### *Innlausn lífeyrissparnaðar heimiluð við 60 ára aldur*

Í lok desember 2008 var samþykkt breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með breytingunum er þeim sem náð hafa 60 ára aldri heimilt að taka út séreignarsparnað sinn í einu lagi í stað þess að dreifa greiðslum á sjö ár eins og áður var. Þá er ekkert aldurshámark á því hvenær einstaklingur getur hafið töku lífeyris.

#### *Tímabundin útgreiðsla séreignasparnaðar*

Í byrjun mars var heimilað að fólk geti, á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010, tekið út séreignasparnað sinn, að hámarki einni milljón króna, yfir 9 mánaða tímabil með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Þessi aðgerð er hluti af verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar og þeim aðgerðum sem miða að því að aðstoða þá einstaklinga og þær fjölskyldur sem í vanda eiga.

### Aðgerðir í þágu heimilanna

#### *Greiðsla vaxtabóta*

Vegna óvenjulegra aðstæðna á fasteignamarkaði var gefin út reglugerð í mars 2009 sem veitir fólki rétt á vaxtabótum vegna tímabundins eignarhalds á tveimur íbúðum þar sem sala reynist ómöguleg. Réttur til vaxtabóta af þessum sökum helst allt að þremur árum. Við þessar aðstæður er útleiga íbúðarhúsnæðis heimil án þess að réttur til vaxtabóta skerðist.

#### *Skuldajöfnun barnabóta felld niður*

Frá 1. janúar 2009 var skuldajöfnun barnabóta felld niður. Þar með er ekki hægt að skuldajafna barnabætur upp í vangreidd opinber gjöld.

#### *Skuldajöfnun vaxtabóta á móti lánum Íbúðarlánasjóðs felld niður*

Frá 1. janúar 2009 var skuldajöfnun vaxtabóta á móti lánum Íbúðarlánasjóðs felld niður. Þar með er ekki hægt að skuldajafna vaxtabætur upp í vangreidd lán hjá Íbúðarlánasjóði.

#### *Tilmæli til innheimtumanna um aukinn sveiganleika í samningum um gjaldfallnar skattakröfur*

Fjármálaráðuneytið beindi tilmælum til innheimtumanna um aukinn sveiganleika í samningum um gjaldfallnar skattakröfur. Í kjölfarið sendi Tollstjórinn frá sér yfirlit um breytt verklag við innheimtu vegna efnahagsörðugleika sem fela í sér:

1. Afturköllun nauðungarsölubeiðna á íbúðarhúsnæði við framhaldssölu þegar innheimtumaður er eini gerðarbeiðandinn.
2. Frestun uppboða í allt að ár frá fyrstu fyrirtöku.
3. Lækkun fjárhæða við gerð greiðsluáætlana um launaafdrátt, í allt að 5.000 kr. á mánuði.
4. Auknar heimildir til veitinga á óskilyrtum veðleyfum og samþykki veðhafa vegna skilmálabreytinga.
5. Hækkun viðmiðunarfjárhæða vegna fjárnámsbeiðna. Lægsta viðmið var hækkað um 100%, úr 25.000 kr. í 50.000 kr. og almennt viðmið var hækkað um 50% úr 100.000 kr. í 150.000 kr.
6. Hækkun viðmiðunarfjárhæða vegna gjaldþrotaskiptabeiðna um 100%, úr 1.000.000 kr. í 2.000.000 kr.

### ***Tímabundin niðurfelling á stimpilgjöldum***

Frá 7. október 2008 til 31. desember 2009 er heimiluð tímabundin niðurfelling á stimpilgjaldi til að aðstoða fólk í greiðsluferfiðleikum vegna fasteignalána. Annars vegar er um að ræða niðurfellingu á stimpilgjöldum við skilmálabreytingu fasteignaveðskuldabréfa vegna vanskila og hins vegar vegna endurfjármögnunar eða kröfuhafaskipta fasteignaveðlána.

### ***Niðurfelling þinglýsingargjalda***

Í lok síðasta árs voru afnumin þinglýsingargjöld af skilmálabreytingum fasteignaveðlána einstaklinga vegna greiðslujöfnunar, samkvæmt lögum um greiðslujöfnun. Að auki eru á tímabilinu 7. október 2008 til 31. desember 2009 þinglýsingagjöld felld af skjölum sem stimpilfrjáls eru og varða skilmálabreytingar eða endurfjármögnun fasteignaveðlána.

### ***Endurreisn efnhagslífsins, aðgerðir í þágu fyrirtækja***

#### ***Greiðsluáðlögun aðflutningsgjalda***

Með breytingum á tollalögum í lok síðasta árs var fyrirtækjum heimilt að óska eftir því að í stað þess að greiða aðflutningsgjöld á hefðbundnum gjalddaga 17. nóvember 2008, fyrir uppgjörstímabilið september til október, þá yrði greiðslunni skipt í þrennt, þ.e. að þriðjungi væri skilað 17. nóvember, þriðjungi 15. desember og þriðjungi 5. janúar. Af þessu tilefni var jafnframt samþykkt breyting á lögum um virðisaukaskatt sem tryggir að á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins september og október 2008, væri heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins, þótt einungis hluta af gjaldföllum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað.

#### ***Aukinn greiðslufrestur á virðisaukaskatti þeirra sem að jafnaði eru með lægri útskatt en innskatt***

Í lok desember var fyrirtækjum sem að jafnaði eru með hærri innskatt heldur en útskatt heimilað að fresta gjalddaga á virðisaukaskatti í tolli fram að uppgjöri almennra virðisaukaskattsskila. Aðgerðinni er ætlað að draga úr fjármagnskostnaði fyrirtækja í útflutningi á innlendri framleiðslu. Áður en breytingin tók gildi þurftu þeir aðilar sem voru í útflutningi á innlendri framleiðslu að greiða virðisaukaskatt og önnur gjöld við innflutning á hráefni til framleiðslu sinnar en fengu svo sömu upphæð endurgreidda við útflutning fullunninnar afurðar.

#### ***Fyrirtækjum gert kleift að gera ársreikninga upp í erlendri mynt***

Samþykkt var í desember 2008 að bæta við lög um ársreikninga bráðabirgðaákvæði þar sem fyrirtækjum er tímabundið gert kleift að sækja um heimild ársreikningaskrár til að gera upp ársreikninga félaga og færslu bókhalds í erlendri mynt, annars vegar vegna reikningsársins 2008 og hinsvegar reikningsársins 2009.

#### ***Heimild til að endurgreiða vörugjöld og virðisaukaskatt af útfluttum ökutækjum***

Í desember 2008 voru lögfestar tímabundnar breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og lögum um virðisaukaskatt, sem heimila endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af notuðum ökutækjum sem eru afskráð og flutt úr landi. Breytingunni er ætlað að greiða fyrir sölu notaðra ökutækja úr landi. Samkvæmt lögnum er heimilt að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af afskráðum ökutækjum sem flutt eru úr landi fram til 31. desember 2009.

### ***Tímabundin niðurfelling álags vegna skila á virðisaukaskatti***

Í lok janúar beindi ráðuneytið þeim tilmælum til skattstjóra að fellt yrði tímabundið niður álag vegna skila á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið nóvember og desember 2008, sem á gjalddaga var 5. febrúar 2009 og gildi sú niðurfelling í átta daga eða til 13. febrúar 2009. Var þetta gert vegna þeirra truflana sem orðið hafa á bankastarfsemi hér á landi og áhrifa þess á atvinnulífið. Samskonar tilmælum var beint til skattstjóra í nóvember 2008 vegna uppgjörstímabilsins september og október 2008.

### ***Tímabundin niðurfelling álags vegna skila á virðisaukaskatti hjá aðilum á landbúnaðarskrá***

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem að ríkja í Þjóðfélaginu ákvað ráðuneytið að beita heimild til tímabundinnar niðurfellingar álags vegna skila á virðisaukaskatti fyrir uppgjör aðila á landbúnaðarskrá vegna síðari hluta ársins 2008. Ráðuneytið beindi þeim tilmælum til skattstjóra að fellt yrði tímabundið niður álag vegna skila á ofangreindum virðisaukaskatti sem á gjalddaga var 2. mars 2009 og gildi sú niðurfelling í átta daga eða til 10. mars 2009.

### ***Tímabundin niðurfelling álags vegna skila á staðgreiðslu***

Í nóvember 2008 beindi ráðuneytið beina þeim tilmælum til skattstjóra og tollstjórans í Reykjavík að fellt verði tímabundið niður álag vegna þeirra skila á staðgreiðslu sem á eindaga var 17. nóvember og gildi sú niðurfelling í eina viku eða til 24. nóvember 2008. Ástæðan var áframhaldandi truflun á bankastarfsemi hér á landi og áhrifa þess á atvinnulífið. Samskonar tilmælum hafði verið beint til viðkomandi aðila 15. október 2008 þar sem fellt var tímabundið niður álag vegna þeirra skila á staðgreiðslu sem á eindaga voru 15. október og gildi sú niðurfelling í eina viku eða til 22. október 2008.

## **Ríkisfjármál**

### ***Hækkun staðgreiðsluhlutfalls og persónuafsláttar***

Í ársbyrjun 2009 var staðgreiðsluhlutfall hækkað úr 35,72% í 37,2%. Auk þess var persónuafsláttur hækkaður úr 34.037 kr. í 42.205 kr. á mánuði.

### ***Framlag til sparisjóða***

Í desember 2008 voru settar reglur um sparisjóði sem byggjast á 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði. Samkvæmt 2. gr. fyrrgreindra laga er fjármálaráðherra, við sérstakar aðstæður, heimilt að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans gegn endurgjaldi í formi stofnfjárbréfa eða hlutabréfa.

### ***Lækkun ferðakostnaðar ráðherra og starfsmanna ríkisins***

Í lok febrúar 2009 lækkaði ferðakostnaðarnefnd dagpeningagreiðslur starfsmanna ríkisins á ferðalögum erlendis um 10%. Jafnframt var sérstökum ákvæðum breytt um endurgreiddan ferðakostnað og dagpeninga til ráðherra og æðstu embættismanna ríkisins. Ákvörðunin er í anda aukins aðhalds í ríkisrekstri, en jafnframt liður í að skapa stofnunum og ríkisstarfsmönnum svigrúm til þess að sinna erlendu samstarfi sem talið er nauðsynlegt vegna alþjóðlegra skuldbindinga þar um.

## **Óformlegar aðgerðir**

Skipaðar hafa verið nefndir í tengslum við björgunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Fjármálaráðuneytið hefur ráðið sérfræðinga til þess að sinna verkefnum vegna eftirtalda þriggja nefnda; Nefnd sem ætlað er að annast samningaviðræður vegna þeirra lána sem vinarþjóðir Íslands hafa heitið,



nefnd sem ætlað er að annast samningaviðræður vegna Icesave-skuldbindinga og nefnd sem fer fyrir samningaviðræðum milli nýju og gömlu bankanna um yfirfærslu eigna og uppgjör þeirra á milli.

## Heilbrigðisráðuneyti

### Sálrænn stuðningur og geðheilbrigði

#### *Geðsvið Landspítalans*

7. október 2008 var forstjóra Landspítalans falið að hefja undirbúning að því að styrkja og undirbúa geðsvið spítalans þannig að það geti sem best þjónað þeim einstaklingum sem þurfa aðstoð til að takast á við erfiðleika sem upp koma vegna aðstæðna á fjármálamarkaði. Undirbúningur af hálfu forstjórans hófst þegar í stað.

#### *Bráðaðþjónusta*

Forstjóra og lækningaforstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var falið að koma á fót bráðaðþjónustu, eða samsvarandi úrræðum, sem aðstoði fólk sem eigi í tímabundnum erfiðleikum vegna umrótsins.

#### *Heilbrigðisstofnanir í viðbragðsstöðu*

Haft var samband við Landspítalann, Heilsugæsluna og allar heilbrigðisstofnanir og þau beðin um að vera í viðbragðsstöðu. Allar stofnanirnar brugðust þegar í stað við þessum tilmælum. Talið var að það mundi reyna á heilbrigðisþjónustuna sem eina veigamestu grunneiningu samfélagsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru þrautþjálfaðir og afar færir til að leiðbeina og hjálpa þeim einstaklingum sem séu hjálpar þurfi.

#### *Velferð barna og unglinga*

Heilbrigðisráðuneytið, menntamálaráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið, Barnaverndarstofa, landlæknir, Lýðheilsustöð, Umboðsmaður barna, BUGL/Landspítali og Vinnueftirlitið stóðu að sameiginlegri yfirlýsingu sem send var út 8. október 2008. Yfirlýsingin var svohljóðandi:

*"Íslendingar standa nú á miklum tímamótum sem hafa víðtæk áhrif á unga sem aldna. Mikilvægt er að huga sérstaklega að velferð barna og unglinga á þessum tímum.*

*Höfum eftirfarandi í huga:*

- *Jákvæð samvera barna með fjölskyldunni skapar öryggi.*
- *Börnin þurfa að finna að á þau sé hlustað og að þeirra nánustu séu ekki í hættu.*
- *Höldum fjölskylduvenjum og festu þó að mikið gangi á í samfélaginu.*
- *Notum matartíma fjölskyldunnar til að sinna þörfum barnanna fyrir jákvæða athygli.*
- *Ræðum á yfirvegaðan hátt að fjármálakreppan er tímabundin.*
- *Útskýrum fyrir börnunum að framtíðin er björt þótt á mótí blási í dag.*
- *Verum góð fyrirmynd þegar kemur að vanda og lausnum.*
- *Styðjum börnin til þess að takast á við mótlæti á uppbyggjandi hátt.*
- *Hlíum vel að þeim sem okkur þykir vænt um.*

*Verum þess minnug að hér er um tímabundna erfiðleika að ræða sem við Íslendingar munum vinna okkur í gegnum. Miklu máli skiptir að við tökumst á við þessa erfiðleika þannig að við byggjum á styrkleikum okkar og leggjum áherslu á baráttugleði, hjartsýni og samkennd."*

### ***Sálfræðiráðgjöf vegna áfalls***

Þann 10. október 2008 opnaði geðsvið Landspítalans sálfræðiráðgjöf fyrir einstaklinga sem glíma við mikinn kvíða, depurð, sektarkennd eða önnur álagseinkenni vegna þróunar fjármála á Íslandi. Til að byrja með sinna tveir sálfræðingar þjónustunni. Einnig verður eitt stöðugildi fyrir aðstoðarmann sem mun sjá um að svara fyrirspurnum frá almenningi, bóka viðtöl og halda utan um verkefni sem lúta að ráðgjöfinni. Ráðgjöfin er opin frá kl. 09.00 til 16.00.

Um er að ræða bráðaviðtal þar sem geðheilsa einstaklings er metin og farið yfir þjargráð og streituvarnir. Í framhaldi af viðtali koma eftirfarandi úrræði m.a. til greina:

- Sé um alvarlegt svefnleysi, mikinn kvíða eða þunglyndi að ræða þar sem talin er þörf á viðtölum lækna og/eða lyfjagjöf verður vísað á heilsugæsluna sem sinnir slíkum einstaklingum eins fljótt og aðstæður leyfa. Einnig koma til greina tilvísanir til fagfólks á stofu eftir aðstæðum einstaklinga.
- Ef viðkomandi er metinn í sjálfsvígshættu eða í alvarlegri geðlægd er honum vísað til meðferðar á bráðamóttöku geðsviðs. Sálfræðingur sem sér um matið hringir í vakthafandi lækni á bráðamóttöku og boðar komu viðkomandi sem fær eins fljótt og auðið er viðeigandi móttökur og meðferð.

### ***Fyrirlestrar um viðbrögð***

Ef þörf er á, er boðið upp á fyrirlestra þar sem rætt er um viðbrögð vegna álags, kvíða, depurðar og svefnerfiðleika.

### ***Samráð við heilbrigðisstofnanir***

Vikulegir samráðsfundir eru haldnir með sviðsstjórum geðsviðs, forstöðusálfræðingi og yfirlækni og deildarstjóra bráða- og ferliþjónustu á geðsviði auk þess sem samráð er haft við heilsugæsluna, Landlækni og ráðuneyti heilbrigðismála og félagsmála eftir þörfum.

### ***Aðgerðir til að draga úr áhrifum efnahagskreppunnar á andlega heilsu***

Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um hvernig megi draga úr áhrifum efnahagsástandsins á sálfélagslega þætti heilsu og horfa þar til reynslu annarra þjóða.

### ***Velferðin varin***

#### ***Heilbrigðisþjónusta við aldraða og langveika***

Við ákvörðun um niðurskurð á framlögum heilbrigðisráðuneytis í fjárlögum 2009 í kjölfar efnahagshrunsins var mörkuð sú stefna að standa vörð um heilbrigðisþjónustu við aldraða og langveika.

#### ***Styrkir vegna hjálpartækja hækkadir, m.a. vegna gengis íslensku krónunnar***

Heilbrigðisráðherra gaf út reglugerð um hjálpartæki 5. desember 2008 sem fól í sér verulega hækkun styrkja vegna tækjanna. Meginbreytingin fólst í hækkun styrkja, sem tilgreindir voru í fastri krónutölu. Vegna gengisbreytinga hafði verið á innfluttum hjálpartækjum hækkað undanfarna mánuði. Þess vegna var talið nauðsynlegt að hækka styrkina til að koma til móts við vaxandi útgjöld sjúkratryggðra. Kostnaðarauki vegna breytinganna nam rúmlega 230 milljónum króna á ársgrundvelli. Um 45 milljóna króna hækkun var á styrkjum til kaupa á stómavörum, og var það um 40% hækkun.

### ***Hækkun á styrkjum vegna næringarefna og sérfæðis***

Heilbrigðisráðherra gaf út reglugerð 26. janúar 2009 þar sem styrkir sjúkratrygginga vegna kaupa á næringarefnum og sérfæði voru hækkaðir, m.a. vegna gengis íslensku krónunnar.

### ***Komugjald á sjúkrahús afnumið***

Komugjald við sjúkrahússinnlögn sem tók gildi 1. janúar 2009 var afnumið með reglugerð heilbrigðisráðherra 3. febrúar 2009.

### ***Lyfjakostnaður barna og atvinnulausra lækkaður***

Um miðjan febrúar 2009 gaf heilbrigðisráðherra út reglugerð þar sem lyfjakostnaður barna undir 18 ára aldri var lækkaður með því að börn eða foreldrar þeirra greiða nú sama gjald og elli- og örorkulífeyrisþegar greiða fyrir lyfin. Einnig var lyfjakostnaður einstaklinga á fullum atvinnuleysisbótum lækkaður þannig að þeir greiða nú sama gjald og elli- og örorkulífeyrisþegar. Um var að ræða nýmæli að því er niðurgreiðslu lyfja varðar. Hvoru tveggja er hugsað til að koma til móts við barnafjölskyldur og þá, sem skyndilega verða af reglulegum launatekjum, vegna atvinnumissis. Fylgífiskur atvinnuleysis getur í sumum tilvikum leitt til heilsubreysts, sem, ásamt minnkandi tekjum og félagslegum örðugleikum, bitnar harkalega á þeim sem þurfa að þola að vera sagt upp vinnu sinni. Mun heilbrigðisráðuneytið fylgjast grannt með þróun mála hvað þetta varðar, og breyta eða endurskoða þennan þátt reglugerðarinnar, ef í ljós kemur að breytingarnar hafa ekki tilætluð áhrif.

### ***Ábyrg stefna í ríkisfjármálum, uppgreiðsla skulda við lyfjafyrirtæki***

Heilbrigðisráðherra beitti sér fyrir því að heilbrigðisstofnanir greiddu lyfjafyrirtækjum upp skuldir svo fyrirtækin gætu haldið uppi lyfjadreifingu í landinu. Var fyrirtækjunum tryggður forgangur að gjaldeyri þegar gripið var til skömmtnar.

## Iðnaðarráðuneyti

### **Aðgerðir í atvinnumálum**

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur iðnaðarráðherra um að gripið verði til margvíslegra aðgerða á næstu mánuðum og misserum til þess að mæta þeim vanda sem steðjar að einstaklingum og fyrirtækjum vegna yfirstandandi efnahagserfiðleika. Aðgerðirnar eru einkum á sviði atvinnu- og nýsköpunar og sprotafyrirtækja, og úrræði þeim tengdum.

- Störf í byggingariðnaði - 1700 ársverk
- Snjóflóðavarnir - 110 ársverk
- Græni trefillinn – stígagerð ofl. í sveitarfélögum - 230 ársverk
- Orkuviðhald – orkusparnaður - 50 – 100 ársverk
- Minni útflutningur óunnins fiskjar – bætt nýting sjávarfangs - 300 ársverk
- Hækkun endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar - 120 – 150 ársverk
- Þróunarverkefni í ferðaþjónustu - 50 ársverk
- Frumkvöðlasetur í Reykjavík - 100 ársverk
- Sérfræðingar af atvinnuleysisráði til nýsköpunarfyrirtækja - 300 ársverk
- Bætt samkeppnisstaða nýsköpunarfyrirtækja - 1000 ársverk
- Fjölgun þeirra sem njóta listamannalauna - 33 ársverk

### **Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki**

#### ***Bætt samkeppnisstaða nýsköpunarfyrirtækja***

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu iðnaðarráðherra um að skipaður verði starfshópur til að gera tillögur sem eru til þess fallnar að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja. Nefndin skoði þær leiðir sem farnar hafa verið í öðrum löndum og skilað hafa bestum árangri og leggi fram fullmótaðar tillögur um æskilegar lagabreytingar, og skulu þær liggja fyrir eigi síðar en í lok maímánaðar. Fjármálaráðherra, menntamálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra tilnefni í nefndin en fulltrúi forsætisráðherra leiði starfið.

#### ***Sprotafyrirtæki ráði starfsmenn af atvinnuleysisráði***

Iðnaðarráðuneytið hafði frumkvæði að því í samvinnu við félagsmála- og fjármálaráðuneyti að sprotafyrirtæki gætu ráðið til sín starfskraft af atvinnuleysisráði án þess að bætur yrðu skertar. Gert ráð fyrir 300 störfum á þennan hátt sem hvert um sig skapar tvö afleidd störf.

#### ***Fjármagn til þróunar og nýsköpunar***

Grundvöllur lagður að nýja atvinnulífinu með því að tryggja fjármagn á fjárlögum 2009 til þróunar og nýsköpunar og auk þess til stuðnings framsæknum fyrirtækjum. Tækniþróunarsjóður sem veitir frumkvöðlum styrki til að tækniþróunar er eflur upp í 690 milljónir króna og sérstakir styrkir skilgreindir til að koma til móts við þarfir í núverandi efnahagsástandi.

1. Stofnaðir frumherjastyrkir fyrir hugmyndir á frumstigi og
2. Brúarstyrkir fyrir lengra komnar hugmyndir.
3. Þrír Öndvegisstyrkir um
  - i. Orkulíftækni og innlenda eldsneytisframleiðslu

- ii. Sjálfbæra ferðamennsku
- iii. Vistvæna hönnun og skipulag

### **Heimsóknir til fyrirtækja**

Iðnaðarráðherra hefur heimsótt sprotafyrirtæki til að meta hvernig best sé staðið við bakið á þeim og ráðherra og ráðuneyti kynnt sérstaklega starfsemi Tækniþróunarsjóðs. Iðnaðarráðherra skrifaði bréf til stjórnenda bankanna til að vekja athygli á stöðu sprotafyrirtækja.

### **Frumtaks-samlagssjóður**

Framlög tryggð til Frumtaks-samlagssjóðs sem fjárfestir í lengra komnum sprotafyrirtækjum. Tryggðar greiðslur frá bönkunum þremur og sex lífeyrissjóðum.

### **Frumkvöðlasetur**

Komið á fót frumkvöðlasetrum í samstarfi við Landsbankann og Glitni. Í bígerð að koma á fót fleiri sérhæfðum frumkvöðla- og hugmyndasetrum með sérstökum áherslum, t.a.m. á heilbrigðistækni, kvikmyndagerð og aðrar skapandi greinar.

### **Fjárfestingasamningur vegna álvers í Helguvík**

Iðnaðarráðherra áritaði fjárfestingasamning vegna álvers í Helguvík sem á að skapa 2500 störf á byggingatíma á Suðurnesjum þar sem stefnir í mest atvinnuleysi.

### **Framtíðarstefna atvinnulífsins eftir efnahagshrun**

Iðnaðarráðuneytið stýrði verkefnahóp á vegum “Control tower” um framtíðarstefnu atvinnulífsins eftir efnahagshrun. Hópurinn skipuðu einnig fulltrúar Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Fjárfestingastofu auk þess sem gestir voru boðaðir á fundi hópsins. Hópurinn skilaði skýrslu til “Control tower” og Iðnaðarráðuneytið hefur áfram unnið að mörgum þeim þáttum sem þar voru til umfjöllunar.

### **Ferðamál**

Auknir fjármunir til kynningar á Íslandi sem ferðamannastað. Frekari styrkir til nýsköpunar í ferðamálum af byggðaáætlun.

## Menntamálaráðuneyti

### **Lánasjóður íslenskra námsmanna**

Breytingar á reglum LÍN fyrir yfirstandandi skólaár til að koma til móts við erfiða stöðu námsmanna:

#### *Aukalán*

Heimild til að veita lánþega við nám erlendis aukalán sem samsvarar framfærslu allt að tveggja mánaða hafi orðið ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högu hans.

#### *Hækkun á vaxtastyrk*

Hækkun á vaxtastyrk vegna aukins fjármagnskostnaðar á yfirdráttarlán. Námsmaður sem lýkur fullu námi á skólaárinu fær þannig styrk að fjárhæð 24 þús.kr. í stað 15 þús.kr. áður.

#### *Lækkun á frádrætti vegna fyrri tekna*

Við útreikning og afgreiðslu námslána þeirra sem hefja lánshæft nám á vormisseri 2009 komi 5% í stað 10% tekna til frádráttar.

#### *Breytingar á forsendum í gengisútreikningum, um 23% hækkun*

Í stað þess að útreikningur vegna námslána skiptinema skólaárið 2008-2009 miðist við gengið 1. júní 2008 verður útreikningurinn miðaður við gengi 26. september 2008. Að öðru óbreyttu þýðir þetta um 23% hækkun framfærslulána til þessa hóps miðað við fyrri áætlun.

#### *Aukinn sveigjanleiki vegna greiðsluferfiðleika*

Greiðendum í vanskilum og þeim sem sjá fram á vanskil vegna tekjutengdra afborgana af námslánum sínum, með gjalddaga haustið 2008, verður veittur aukinn sveigjanleiki í endurgreiðslum námslána.

#### *Lækkun tekjutengdra afborgana af námslánum*

Greiðendur námslána sem verða fyrir 20-30% tekjufalli milli árána 2008 og 2009 eiga kost á lækkun tekjutengdrar afborgunar haustið 2009, og þeir sem verða fyrir tekjufalli umfram 30% geti fengið tekjutengdu afborgun ársins fellda niður að fullu.

## **Efling skólstarfs**

### *Aðgerðir til að mæta aukinni eftirspurn eftir námi á framhalds- og háskólastigi*

Settur var á fót bakhópur með fulltrúum framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva til þess að fara yfir úrræði og námsframboð fyrir þá sem óska eftir að stunda framhaldsskólanám eða endurmenntun á framhaldsskólastigi.

Við innritun í framhaldsskóla á vorönn 2009 tókst að tryggja nær öllum sem þess óskuðu inngöngu í framhaldsskóla og leitaðist ráðuneytið við að skapa sveigjanleika í fjárveitingum til skóla til að svo gæti orðið.

Háskólar opnuðu fyrir innritun nýnema um síðustu áramót til að bregðast við auknu atvinnuleysi. Jafnframt hafa háskólar í samstarfi sín á milli, boðið upp á styttri námsleiðir, sameiginlegar prófgráður og í nokkrum tilfellum hafa háskólar, eða stefna að, að opna aðstöðu fyrir nemendur í skólunum sjálfum til að vinna að sjálfstæðum verkefnum. Bent er á heimasíður háskólanna til frekari upplýsingar.

Háskólunum hefur tekist að skapa námsúrræði fyrir umsækjendur innan þess ramma sem þeim er settur á fjárlögum með hagræðingu og að færa til innan sinna fjárveitinga.

### *Menntunarúrræði vegna efnahagsástandsins*

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) átti sl. haust frumkvæði að stofnun samráðshóps um menntunarúrræði vegna efnahagsástandsins og hóf hann formlega störf í október sl. Í hópnum sitja tveir fulltrúar menntamálaráðuneytisins auk fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka s.s. ASÍ og SA, fræðsluaðila og Vinnumálastofnunar. Hópurinn hefur haldið á anna tug funda. Hann vaktar breytingar á vinnumarkaði og metur það sem hægt er að gera til að bregðast við þróuninni, athugar jafnframt hvar og hvernig megi beita þeim úrræðum sem þegar eru tiltæk, gerir tillögur um úrræði fyrir einstaka hópa og breytingar á forgangsröðun í þeim málefnum sem til góða geta komið.

Menntamálaráðuneytið og FA hafa í tengslum við vinnu hópsins komist að samkomulagi um endurskilgreiningu á forgangsröðun verkefna skv. samningi ráðuneytisins og FA þar sem sérstök áhersla verður lögð á ráðgjöf og námsframboð fyrir fólk sem misst hefur vinnuna. Samtals eru 65 m.kr. til ráðstöfunar í þeim hluta samningsins sem um ræðir að endurskilgreina. FA hefur aflað upplýsinga frá símenntunarmiðstöðvum um allt land og fylgst er með þróun mála vegna vinnu hópsins og brugðist við m.a. með endurskilgreiningu á forgangsröðun verkefna eftir því sem ástæða þykir til.

Menntamálaráðuneytið tilnefndi á sínum tíma forstöðumenn og -konur símenntunarmiðstöðva um allt land í Vinnumarkaðsráð á hverju svæði. Þannig hafa skapast mikilvæg tengsl fræðsluaðila og vinnumiðlunar um staðbundin úrræði í atvinnu- og fræðslumálum. Náið samstarf hefur verið um opin hús og upplýsingamiðstöðvar milli viðkomandi aðila um allt land.

Í Reykjavík var haldið fyrsta Menntatorg í Skeifunni 8, föstudaginn 6. mars sl. og tókst mjög vel. Menntatorgið er upplýsingamiðlun um nám fyrir atvinnulausa með áherslu á þá sem hafa stutta formlega menntun. Jafnframt var opnuð sérstök upplýsingasíða, [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is) sem unnin var að frumkvæði samráðshópsins. Stefnt er að endurteknu Menntatorgi síðar í vor og aftur í haust.

### *Stefnumótun á sviði Háskólamála og vísinda*

Menntamálaráðherra hefur skipað sérstaka verkefnisstjórn til að leggja drög að stefnumótun ráðuneytisins á sviði háskólamála og vísinda til að bregðast við breyttum aðstæðum í atvinnu- og efnahagsmálum. Ráðherra hefur einnig skipað sérstaka ráðgjafanefnd með erlendum sérfræðingum.

Verkefnisstjórninni er ætlað að leggja fram tillögur um aðgerðir og áherslur til skemmri og lengri tíma sem eru til þess fallnar að styrkja háskóla og vísindastarfsemi í landinu, hvernig efla megi samstarf háskóla, vísindastofnana og fyrirtækja þannig að fjármunir, sem veitt er til kennslu og rannsókna, nýtist sem best til að styðja við nýsköpun og uppbyggingu á sviði atvinnumála, og hvernig skapa megi tækifæri og virkja þekkingu og reynslu háskólamenntaðra einstaklinga sem misst hafa vinnuna til virðisskapandi starfsemi og atvinnuuppbyggingar.

Starfshópur á vegum vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs hefur fjallað um rannsóknastofnanir og gert tillögur um aukið samstarf háskóla og rannsóknastofnana og aðrar aðgerðir sem auka skilvirkni og gæði rannsóknastarfs á landinu.



Vísindanefnd- og tækninefnd hafa undirbúið tillögur að nýrri vísinda- og nýsköpunarstefnu fyrir árin 2009 til 2012 og bent á mikilvægi vísinda og nýsköpunar fyrir þjóðarhag en einnig leiðir sem hjálpa til við forgangsroðun verkefna.

Menntamálaráðuneytið eykur framlag til Markáætlunar Vísinda- og tækniráðs um 160 milljónir árið 2009 til að hleypa nýrri markáætlun af stökkunum, sem sérstaklega styrkir umfangsmikil samstarfsverkefni háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

### **Samráðshópar um aðgerðir til að mæta minnkandi framlagi til mennta- og menningarmála**

Stofnaðir hafa verið þrjú vinnuhópar sem falið er að leggja fram tillögur um aðgerðir sem leitt geta til aukinnar hagræðingar í öllum málaflokkum. Einn hópur fjallar um *háskóla og vísindamál*, annar um *framhaldsskólastig auk sí- og endurmenntun* og þriðji hópurinn fjallar um *stofnanir og verkefni á sviði menningar- og æskulýðsmála*. Fulltrúar forstöðumanna stofnana eiga sæti í hópunum.

Vinna hópanna verður áfangaskipt þannig að í fyrstu verði hugað að skipulagsmálum þ.e. stofnanaskipan og umsýslu verkefna sem falla undir þessa málaflokka. Þá verður hugað að mögulegum breytingum á verkefnum sem stuðlað gætu að hagræðingu. Að lokum verður hugað umfangi og forgangsroðun eftir því sem tilefni verður til.

Í öðrum áfanga verður leitast við að leggja mat á það hagræði sem ná má fram með einstökum aðgerðum jafnhliða því sem kortlagt verður til hvaða annarra aðgerða er nauðsynlegt að grípa til m.t.t. þess að hrinda aðgerðum í framkvæmd, s.s. frekara samráð/samstarf við hlutaðeigandi aðila og breytingar á lögum og Reglugerðum.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um endurskoðun á listamannalaunum. Í frumvarpinu er lagt til að starfslaunum fjölgi um 400 mánaðarlaun á næstu þremur árum þannig að þau verði alls 1600 mánaðarlaun frá árinu 2012 í stað 1200 núna. Launasjóðum fjölgar um þrjá, en hins vegar verður listasjóður lagður niður. Eftirtaldir sjóðir verða ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt:

### **Velferð barna og unglunga**

Menntamálaráðherra hefur látið vinna samantekt yfir möguleg úrræði um sálrænan stuðning við börn og ungmenni í skólum landsins og í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Svipuð samantekt var einnig unnin fyrir nemendur í háskólum og öðrum fræðslustofnunum landsins. Markmiðið er að styðja við starfsfólk skóla, fræðslustofnana og stjórnendur íþrótt- og æskulýðsstarfs til að veita nemendum stuðning og stuðla þannig að velferð. Þessi samantekt var unnin í samstarfi við samráðshóp sem settur var á laggirnar vegna efnahagsástandsins. Úrræðin er að finna á vefsíðu ráðuneytisins og island.is, sem og leiðbeiningar sérstaklega ætlaðar börnum og ungmennum um líðan við erfiðar aðstæður.

## **Samgönguráðuneyti**

Verkefni samgönguráðuneytis sem tengjast sérstökum aðgerðum vegna efnahagsástandsins eru einkum á sviði sveitarstjórnarmála og samgönguframkvæmda:

### **Sveitarstjórnarmál**

#### ***Samráð við sveitarfélög***

Samgönguráðherra og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga rituðu undir yfirlýsingu um sérstakt samráð vegna efnahagsástandsins. Fundir hafa verið reglulega milli aðila í því skyni að tryggja upplýsingamiðlun í báðar áttir. Einnig hefur Samband sveitarfélaga upplýst reglulega um framvinduna í fjármálum sveitarfélaga.

#### ***Niðurfelling á verðbótum á endurgreiðslur v. skilaðra byggingarlóða***

Lögum var breytt til að losa sveitarfélög undan þeirri skyldu að greiða verðbætur á byggingarlóðir sem skilað er. Lögveð vegna fasteignaskatts var lengt úr tveimur árum í fjögur.

#### ***Heimild til hækkunar útsvars, aukið fé til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga***

Heimild var veitt til hækkunar útsvars úr 13,03% í 13,28% og Jöfnunarsjóður fær eins milljarðs króna framlag.

#### ***Aukinn viðbúnaður og sveigjanleiki vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélaga***

Viðbúnaður vegna erfiðs fjárhags margra sveitarfélaga er aukinn og sveigjanleiki jafnframt aukinn þannig að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þarf ekki að grípa sjálfkrafa inni ef sveitarfélög leggja fram fjárhagsáætlanir með halla heldur verður hvert tilvik fyrir sig metið í samhengi við aðstæður.

#### **Aðgerðir í atvinnumálum, samgönguframkvæmdir**

Við úthlutun fjár til nýrra samgönguframkvæmda, alls 5-6 milljarðar króna, er meðal annars horft til mannaflsfrekra framkvæmda víðs vegar um landið enda eru starfssvæði verktaka ekki bundin einstökum landshlutum. Endurmat á forgangsröðun og umfangi framkvæmda hefur staðið yfir hjá Vegagerð og samgönguráðuneyti og sama má segja um fyrirhugaða samgöngumiðstöð við Reykjavíkflugvöll. Útboð framkvæmda eru hafin að nýju eftir nokkurt hlé. Þróun verðlags getur haft töluverð áhrif á þau verk sem þegar eru í gangi og þar með á það rými sem verður til nýrra verkefna. Þá munu niðurstöður úr útboðum ársins einnig hafa áhrif á það hvaða fjármagn verður til ráðstöfunar.

#### **Endurskoðun samgöngustofnana til hagræðingar**

Breytt skipan samgöngustofnana er til skoðunar, sem og sameining Flugstoða ohf. og Keflavíkflugvallar ohf. með það fyrir augum að nýta betur innviði og fjármagn til rekstrar, verkefna þeirra á sviði þjónustu og framkvæmda. Starfshópar vinna að þessum verkefnum og er gert ráð fyrir tillögum þeirra í sumar.

## Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

### Aðgerðir í atvinnumálum

#### *Auknar aflaheimildir, breytt aflamark í þorski*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilkynnti í janúar að hámarksafli í þorski verði aukinn um 30 þúsund tonn. Heildaraflamark verður því 160 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiaári, í stað 130 þúsund tonna sem áður hafði verið ákveðið. Með þessari ákvörðun er stefnt að nokkru hægari uppbyggingu viðmiðunarstofns og hrygningarstofns en áður hafði verið áformað. Þessi ákvörðun var tekin í ljósi þeirra efnahagsferðleika sem þjóðarbúið á við að etja og með hliðsjón af jákvæðari vísbendingum um stöðu þorskstofnsins sem fram komu í stofnmælingu botnfiska sl. haust. Í þeirri mælingu kom fram að heildarvísitala þorsks væri mun hærra en undanfarin ár.

#### *Fiskeldi*

##### *Þorskeldi*

Í lok janúar 2009 skilaði nefnd um átak í þorskeldi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skýrslu tillögum um uppbyggingu þorskeldis með áherslu á seiðaelði.

##### *Kræklingarækt*

Ákveðið hefur verið að AVS-rannsóknasjóður um aukið verðmæti sjávarfangs geti stutt við rannsókn- og þróunarstarf í kræklingarækt

##### *Markaðsverkefni eldisbleikju*

Ákveðið hefur verið að taka þátt í markaðsverkefni á eldisbleikju í Bandaríkjunum. Verkefnið miðar að því að eldisbleikja verði boðin til sölu í 270 verslunum Whole foods. Með þessu átaki er gert ráð fyrir að útflutningur á eldisbleikju tvöfaldist.

### Nýsköpun

#### *Nýsköpunarmiðjur*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Matís hafa sett á laggirnar 2 nýsköpunarmiðjur; Matarsmiðju á Höfn og Líftækni miðju á Sauðárkróki. Smiðjurnar eru opnar fyrir sprotum og öðrum frumkvöðlum sem vantar aðstöðu og aðstoð við tæknilausnir og/eða hönnunarlausnir við að koma nýjum afurðum á markað. Aðstaðan er samþykkt af Mast til matvælaframleiðslu. Aðstaðan opnar nýja möguleika fyrir aðila tengda ferðaþjónustu og í matvælaíðnaði til að auka verðmæti afurða og fjölga störfum á sviði matvælaframleiðslu

#### *Stuðningur MATÍS við meistaranámsnema*

MATÍS ohf, bauð í Nóvember 2008 fram aðstöðu fyrir meistaranema í samstarfi við fyrirtæki, sjóði og háskóla. Auglýst var eftir áhugasömum nemendum með fyrirheitum um styrki, og eru nokkur mastersverkefni að fara af stað á þessum forsendum.

#### *Breyttar áherslur AVS-rannsóknasjóðs*

Í desember 2008 voru auglýstar breyttar áherslur AVS-rannsóknasjóðs um aukið verðmæti sjávarfangs. Á árinu 2009 leggur AVS sjóðurinn áherslu á styttri verkefni og munu umsóknir þar sem verkefni eru til

skemmri tíma en 12-18 mánaða að öllu jöfnu njóta forgangs við úthlutun á styrkjum. Lögð verður mikil áhersla á verkefni sem skila fljótt verðmætum og nýjum störfum fyrir íslenskan sjávarútveg. Jafnfram er lög áhersla á eftirfarandi átaksverkefni:

- Styrkir til að vinna að vöruþróun og nýsköpun
- Styrkir til að flytja inn þekkingu eða fyrirtæki
- Styrkir til að ráða mastersnema eða doktorsnema
- Sjá Átaksverkefni AVS (<http://www.av.is/frettir/nr/1849>)
- Sjóðurinn er þessa dagana að meta 140 umsóknir, en aldrei hafa fleiri umsóknir borist sjóðnum. Gert er ráð fyrir að úthlutun fari fram í apríl.

### **Ræktun fódurkorns**

Verkfræðiskrifstofa hefur í samstarfi við háskóla og hagsmunaaðila unnið greiningu á möguleikum og hagkvæmni þess að stórauka kornrækt, einkum í þeim tilgangi að hér mætti í náninni framtíð framleiða sem mestan hluta af fóðri fyrir innlenda búfjárframleiðslu að því gefnu að framleiðslan verði samkeppnishæf. Fyrstu niðurstöður benda til að eftir nokkru sé að slægjast. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti mun á næstunni vinna að úrvinnslu eftirfarandi þátta;

- Styrkingu rannsókn- og nýsköpunarstarfs á sviði kynbóta og ræktunar,
- Skipulag og framkvæmd við útsæðisræktun íslenskra kornyrkja,
- Þróun gæðakerfis til að stuðla að verslun með íslenskt fódurkorn,
- Kanna möguleika á stuðningi við uppbyggingu aðstöðu til þurrkunar og vinnslu kornuppskerunnar..

### **Skógrækt**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti mun beita sér fyrir því að landshlutabundnu skógræktarverkefnunum verði gert fært að gróðursetja plöntur sem ræktaður var til gróðursetningar á þessu ári. Einnig verður hugað að þeim möguleikum sem felast í samstarfi við atvinnuleysistryggingarsjóð um átak í grisjun á skóglendum skógræktarfélaganna víða um land. Umtalsverð verðmæti felast í þeim efnivið sem fellur til við grisjun.

Unnið verður að nýrri stefnumótun í skógrækt með hliðsjón af atvinnuástandi og vaxandi hlutverki skógræktar í tengslum við alþjóðlega samninga um aðgerðir í loftslagsmálum.

### **Endurskipulagning verkefna Hafrannsóknarstofnunar**

Í janúar 2009 hófst vinna við að kortleggja verkefni Hafrannsóknarstofnunarinnar, Fiskistofu og Landhelgisgæslu í þeim tilgangi að greina hvort og hvernig verkefni skarist eða um geti verið að ræða hagræðingarmöguleika með tilfærslu verkefna eða nánara samstarfi og stendur sú vinna yfir .

## Umhverfisráðuneyti

### **Aðgerðir í atvinnumálum, verkefni til atvinnusköpunar**

Umhverfisráðuneytið óskaði í upphafi árs eftir hugmyndum frá stofnunum ráðuneytisins um atvinnuskapandi verkefni sem hægt væri að ráðast í á þessu ári til að sporna gegn atvinnuleysi. Ráðuneytinu hafa í kjölfarið borist fjölmargar tillögur og formleg erindi um ýmis atvinnuátaksverkefni um allt land og hafa þær m.a. verið kynntar fyrir nefnd undir stjórn iðnaðarráðuneytisins um átak til atvinnusköpunar og fyrir Atvinnuleysistryggingasjóði varðandi mögulega aðkomu sjóðsins.

Eitt þessara verkefna er að hraða uppbyggingu ofanflóðavarna á vegum Ofanflóðasjóðs. Þannig hefur umhverfisráðherra lagt til að nýttur verði rúmlega einn milljarður króna af fjármunum Ofanflóðasjóðs, sem settur var til hliðar á sínum tíma til að draga úr þenslu í hagkerfinu, til tímabundins átaks við uppbyggingu snjóflóðavarna á völdum stöðum og með því hraða fyrirliggjandi aðgerðum sveitarfélaga til varnar gegn ofanflóðum. Ætla má að þessar framkvæmdir muni skapa um 110 ný ársverk.

Einnig er líklegt að fallist verði á tillögu Skógræktarfélags Íslands um átaksverkefni í skógrækt og útivist, sérstaklega í landgræðsluskógum og útivistarskógum í tengslum við þéttbýli. Þegar eru markaðar 200 milljónir til stígagerðar í Reykjavík og gert er ráð fyrir að fénu verði varið til þessa verkefnis. Um 220 ársverk skapast vegna þessa.

## **Utanríkisráðuneyti**

Þáttur utanríkisráðuneytisins í viðbrögðum stjórnvalda við afleiðingum bankahrunsins hefur einkum falist í samskiptum við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Sendiráð Íslands erlendis hafa haldið málstað Íslands á lofti gagnvart erlendum stjórnvöldum og átt samskipti við hagsmunasamtök, fyrirtæki, sveitarfélög, almenning og fjölmiðla í viðkomandi ríkjum. Fjármálakreppan og viðbrögð við henni eru alþjóðlegt viðfangsefni sem krefst náins milliríkjasamstarfs og reynir á diplómatiskt samskipti. Það er hlutverk utanríkisráðuneytisins, í nánu samstarfi við önnur ráðuneyti, að gæta hagsmuna Íslands.

### **Samskipti við önnur ríki**

Þegar bankahrunið varð í byrjun október skall líka gjaldeyriskreppa. Kastljós erlendra ríkisstjórna og fjölmiðla beindist að Íslandi með áður óþekktum hætti en neikvæð áhrif bankahrunsins teygðu anga sína víða um heim. Ljóst var að Ísland yrði að setja sem höfuðmarkmið á alþjóðavettvangi að skapa skilning meðal annarra ríkja og alþjóðastofnana á stöðu sinni og afla sjónarmiðum Íslands stuðnings.

### **Fundir og samtöl ráðherra**

Utanríkisráðherra lagði áherslu á að eiga tvíhliða fundi og samtöl við erlenda ráðherra þar sem leitað var stuðnings við sjónarmið Íslands. Utanríkisráðherra átti símafundi með Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, og Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra, og síðar fund með Støre á Íslandi 3. nóvember. Utanríkisráðherra ræddi við Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands sem fór með formennsku í ESB, og David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, þegar efnahagsáætlun Íslands var í bið innan stjórnar AGS.

3. og 4. desember fór fram undirritun samkomulags við bann við klasasprengrum og ráðherrafundur ÖSE í Osló og Helsinki. Þar fundaði utanríkisráðherra með Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, Per Stig Möller, utanríkisráðherra Danmerkur, Bernard Kouchner, David Miliband, Maxime Verhagen, utanríkisráðherra Hollands og Miguel Angel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar. Á fundunum með Miliband var rætt um viðbrögð Breta við hruninu, beitingu bresku hryðjuverkalaðanna og hvernig Bretar gætu bætt fyrir óeðlilega hörku sína í garð Íslands. Áður hafði utanríkisráðherra rætt við Miliband í síma til að ganga úr skugga um að Bretar væru ekki að hindra framgang áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS).

Beitingu hryðjuverkaloðgjafarinnar var mótmælt á fundi starfandi utanríkisráðherra með Jim Murphy, Skotlandsmálaráðherra Bretlands, í Reykjavík 3. nóvember. Á fundi norrænna utanríkisráðherra í Kaupmannahöfn 18. desember sl. gerði utanríkisráðherra grein fyrir hryðjuverkaloðgunum. Í framhaldinu skrifuðu utanríkisráðherrar Norðurlandanna utanríkisráðherra Bretlands sameiginlegt bréf þar sem þeir hvöttu til lausnar málsins. Á fundi norrænna utanríkisráðherra í Osló 9. febrúar sl. gerði utanríkisráðherra grein fyrir stöðunni á Íslandi.

### **Sendiherrar og ræðismenn Íslands**

Fyrri hluta október var sendiherrum og ræðismönnum falið að hafa samband við sem háttsetta tengiliði í stjórnkerfum gistiríkja og útskýra stöðu Íslands. Síðan þá hafa sendiherrar Íslands erlendis átt fjölda funda með tengiliðum í gistiríkjum, bæði ráðamönnum og háttsettum embættismönnum, en einnig hagsmunasamtökum og fjölmiðlum, til að útskýra stöðuna, tryggja Íslandi stuðning, leiðrétta rangfærslur og koma í veg fyrir að bankahrunið á Íslandi og áhrif þess á önnur ríki skaði pólitísk samskipti.

### ***Erlendir sendiherrar og sendiráð***

Haldnir hafa verið reglulegir fundir með erlendum sendiherrum í Reykjavík og þeim kynnt staða mála. Margvísleg samskipti hafa verið við erlendu sendiráðin í Reykjavík til að auka stuðning við sjónarmið Íslands, sem og við sendiráð gagnvart Íslandi sem staðsett eru í öðrum ríkjum.

### ***Viðbrögð vegna innlánsreikninganna Icesave og Kaupthing-Edge***

Utanríkisráðuneytið hefur átt fulltrúa í samninganefnd Íslands vegna Icesave og Kaupthing-Edge. Sendiráð Íslands í þeim ríkjum þar sem þessir reikningar voru starfræktir hafa rekið erindi gagnvart stjórnvöldum í viðkomandi ríkjum og miðlað upplýsingum. Það starf hefur snúið að yfirvöldum en einnig að almenningi, sveitarfélögum og fyrirtækjum í viðkomandi ríkjum.

### ***Bretland***

Starfandi utanríkisráðherra kallaði sendiherra Breta þrisvar til fundar við sig í október vegna beitingar hryðjuverkalöggjafarinnar, vegna loftrýmisgæslu NATO og vegna viðræðna um Icesave. Starfandi ráðuneytisstjóri kallaði sömuleiðis ítrekað sendiherra Breta á fund vegna samskiptanna við Bretland. Beitingu bresku hryðjuverkalöggjafarinnar var mótmælt á fundi íslenskra embættismanna með breskum embættismönnum úr utanríkisráðuneyti og varnarmálaráðuneyti Bretlands í London 4. nóvember. Þá kom utanríkisráðuneytið mótmælum á framfæri á fundi með skrifstofustjóra Evrópuskrifstofu breska utanríkisráðuneytisins í Reykjavík 16. desember. Sendiráð Íslands í London hefur verið í virkum samskiptum við embættismenn í forsætis- og utanríkisráðuneyti Bretlands, og átt fundi með þingmönnum á breska þinginu. Jafnframt átti sendiherra Íslands í Bretlandi tvo fundi með fulltrúum breskra sveitastjórna sem áttu innstæður á Icesave-reikningum sem lægð í óánægjuöldur.

Á fundum með breskum stjórnvöldum hafa stjórnvöld lagt þunga áherslu á hina pólitísku hlið Icesave-málsins og að málið varði grundvallarhagsmuni íslensku þjóðarinnar og samskipti ríkjanna. Því sé ekki hægt að líta á málið eins og hefðbundið uppgjör vegna bankagjaldþrots. Í lok febrúar og byrjun mars átti utanríkisráðuneytið fundi með háttsettum embættismönnum úr forsætis- og utanríkisráðuneytum Bretlands um Icesave þar sem fram kom ríkari skilningur en áður á þessu sjónarmiði.

Ísland hefur átt undir högg að sækja í breskum fjölmiðlum og hefur sendiráðið í London nýtt sér þjónustu almannatengslafyrirtækis til að bregðast við. Utanríkisráðuneytið hefur jafnframt veitt samtökunum "In defense" viðeigandi upplýsingar og stuðning en samtökin afhentu 17. mars sl. mótmælaundirskriftir ríflega 83 þúsund Íslendinga gegn beitingu hryðjuverkalaganna gegn Íslandi.

### ***Holland***

Utanríkisráðuneytið hefur verið í virku sambandi við utanríkisráðuneyti Hollands og sendiráð Hollands gagnvart Íslandi. Síðast en ekki síst hefur sendiráð Íslands í London sem jafnframt er sendiráð gagnvart Hollandi átt virk samskipti við hollensk stjórnvöld og hagsmunadila, og hefur sendiherra Íslands í London farið til funda í Hollandi vegna þess.

### ***Þýskaland***

Íslensk og þýsk stjórnvöld hafa átt margvísleg samskipti vegna Kaupthing-Edge í Þýskalandi. Utanríkisráðuneyti ríkjanna hafa átt samskipti, og sendiráð Íslands í Berlin miðlað upplýsingum, haldið fram sjónarmiðum Ísland og svarað fyrirspurnum frá þýskum innstæðueigendum.

### **Belgía og Lúxemborg**

Sendiráðið undirbjó fund forsætisráðherra og forsætisráðherra Belgíu sem fram fór 17. október en þar var rætt um málefni Kaupþings Lúxemborg sem var með útibú í Belgíu. Fundað var með starfandi ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis Belgíu og með fulltrúum fjármálaráðuneytis Belgíu vegna AGS-stuðnings. Sendiráð Íslands hefur átt fundi með innstæðueigendum. Sendiráðið átti samtöl við fulltrúa forsætisráðherra Lúxemborgar um miðjan október. Þá hefur sendiherra fundað með sendiherra Lúxemborgar í Brussel vegna málefna Kaupþings Lúxemborgar og útibús þess í Belgíu.

### **Samskipti á vettvangi alþjóðastofnana**

#### **Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS)**

Sendiherrar erlendra ríkja í Reykjavík voru boðaðir til fundar í utanríkisráðuneytinu í lok október til að afla stuðnings við lánsúmsókn Íslands hjá AGS. Í kjölfar afgreiðslu stjórnar AGS voru þeir svo upplýstir um aðgerðaráætlun sjóðsins. Sendiherrum Íslands erlendis var 4. nóvember falið að afla stuðnings hjá öllum ríkjum og ríkjahópum sem sæti eiga í framkvæmdastjórn AGS. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins fór ásamt fulltrúa forsætisráðuneytis til Washington D.C. þegar mál Íslands var tekið fyrir.

#### **EES og ESA**

Að beiðni Seðlabanka Íslands vann utanríkisráðuneytið minnisblað um áhrif takmarkana á flæði gjaldeyris á skuldbindingar íslenskra stjórnvalda samkvæmt EES-samningnum. Ráðuneytið kom að gerð lagafrumvarps og mótun reglna bankans til að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á framkvæmd EES-samningsins. Sameiginlegu EES-nefndinni og fastanefnd EFTA var tilkynnt um verndaraðgerðirnar. Í samstarfi við forsætis-, viðskipta- og fjármálaráðuneyti vann utanríkisráðuneytið svar til ESA vegna setningu neyðarlaga um fjármálastarfsemi sem sent var í nóvember og í febrúar sl.

#### **ESB**

Í vikunni 6. október ræddi sendiráðið við háttsetta embættismenn í skrifstofum forseta framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra stækkunarmála, og framkvæmdastjóra utanríkismála ESB. Í ályktun ráðs ESB frá 15. október var vísað til fjármálakreppunnar og mikilvægi stuðnings við Ísland undirstrikað. Fundað var með skrifstofu innri markaðsmála ESB 2. desember sl. til að ræða efnahagsstöðuna á Íslandi og beitingu hryðjuverkalaganna. Fundir voru haldnir með fulltrúum ESB-ríkja í janúar og febrúar sl.

Íslensk stjórnvöld náðu í samvinnu við formennskuríki Evrópusambandsins, Frakkland, að færa Icesave-málið úr tvíhliða farvegi yfir á marghliða vettvang ESB. Niðurstaða nokkurra daga samningaumleitana um miðjan nóvember sl., þar sem þátt tóku Frakkland, norrænu ESB-ríkin, Þýskaland, Austurríki og skrifstofa ráðherraráðsins, var samþykkt svokallaðra "umsaminna viðmiða" um lausn málsins (Agreed Guidelines). Þar samþykkti ESB og viðkomandi aðildarríki að taka sérstakt "tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt." Jafnframt staðfesti ríkisstjórn Íslands að "tilskipunin um innstæðutryggingar hafi verið felld inn í löggjöfina um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gildi því á Íslandi með sama hætti og hún gildir í aðildarríkjum Evrópusambandsins." Þessi niðurstaða greiddi fyrir afgreiðslu úmsóknar Íslands um



lánafyrirgreiðslu IMF en hún var samþykkt 19. nóvember sl. Umsömdu viðmiðin eru sömuleiðis sá grunnur sem Icesave-viðræðurnar byggja nú á.

### ***NATO og ÖSE***

Fastafulltrúi Íslands hjá NATO kom hörðum mótmælum gegn beitingu Breta á hryðjuverkalöggjöfinni gegn Íslandi á framfæri í NATO-ráðinu 15. október. Sjónarmiðum Íslands varðandi beitingu hryðjuverkalöggjafarinnar var komið á framfæri á ráðherrafundi ÖSE í Helsinki 4. desember.

### **Erlendir fjölmiðlar og upplýsingamiðlun**

#### ***Fjölmiðlamiðstöð og samræming samskipta***

Fjölmiðlamiðstöð fyrir erlenda blaðamenn starfaði í Miðbæjarskólanum frá 7. – 15. október og þar störfuðu á annað hundrað erlendir fjölmiðlamenn. Að henni stóðu forsætis- og utanríkisráðuneytið og hafði starfsfólk utanríkisráðuneytis umsjón með henni. Fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins hefur aðstoðað erlendra fjölmiðla við að ná viðtölum við áhrifamenn til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri, og haft samband við fjölmiðlamenn til að vekja athygli á málstað Íslands. Allar sendiskrifstofur Íslands hafa fylgst náið með fjölmiðlaumræðunni í sínum löndum, svarað fyrirspurnum fjölmiðla og haft samband við þá m.a. vegna leiðréttinga þegar tilefni hefur verið til.

#### ***Upplýsingamiðstöð stjórnvalda og iceland.org***

Upplýsingamiðstöð stjórnvalda var opnuð í utanríkisráðuneytinu 13. október að beiðni forsætisráðuneytisins til að svara fyrirspurnum almennings og fyrirtækja, íslenskra og erlendra. Um 30 starfsmenn utanríkisráðuneytisins unnu við símsvörun og svöruðu fyrirspurnum á tölvupósti, alls 1.249 talsins sem voru færðar í sérstakan gagnagrunn. Stöðinni var lokað 14. nóvember.

Upplýsingagáttin iceland.org er samstarfsverkefni forsætis- og utanríkisráðuneytis í samstarfi við önnur ráðuneyti. Markmiðið er að efla samræmingu og framkvæmd upplýsingamiðlunar á ensku. Gáttin er uppfærð daglega. Þar eru upplýsingar og fréttir um efnahagsmálin og aðgerðir stjórnvalda.

#### ***Promote Iceland***

Utanríkisráðherra lagði fram í ríkisstjórn 17. mars sl. frumvarp til laga um stofnun Íslandsstofu. Eitt af meginmarkmiðum fyrirhugaðrar Íslandsstofu er að takast á við þá erfiðu stöðu sem upp er komin vegna neikvæðrar umfjöllunar um Íslands í erlendum fjölmiðlum sem haft hefur áhrif á ímynd og orðspor þjóðarinnar og nýta betur þá fjármuni sem fara í landkynningar- og markaðstarf erlendis.

### **Aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki**

#### ***Borgaraþjónusta***

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins og sendiráðin veittu almenningi upplýsingar og leysti úr margvíslegum vandamálum Íslendinga erlendis. Þar má nefna að veittu sendiskrifstofur Íslendingum lán að uppfylltum skilyrðum. Í ljósi fréttu af því að Íslendingar hafi orðið fyrir ósanngjarnri meðferð erlendis, óskaði utanríkisráðuneytið eftir staðfestum upplýsingum um slík tilvik. Sendiráð Íslands hafa haldið upplýsingafundi með félögum Íslendinga í gistiríkjum sínum.

### *Viðskiptaþjónusta*

Utanríkisráðuneytið hefur átt samskipti við íslensk fyrirtæki og hagsmunasamtök þeirra í því skyni að aðstoða þau vegna neikvæðra áhrifa fjármálakreppunnar. Utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands erlendis hafa veitt fyrirtækjum margvíslega aðstoð, s.s. vegna vandkvæða við fjármagnsflutninga, greiðsluábyrgða og vandræða sem skapast hafa vegna neikvæðrar fjölmiðlaumfjöllunar og skorts á trausti. Viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar hafa verið í sambandi við íslensk fyrirtæki í sínum ríkjum til að átta sig á stöðunni og þörfum þeirra og lagt þeim lið að fremsta megni.

## Viðskiptaráðuneyti

### **Umbætur á fjármálamarkaði, endurreisn efnhagslífsins**

#### *Lög vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði (Neyðarlögin)*

Viðskiptaráðuneytið vann að lagafrumvarpi vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, sem forsætisráðherra flutti þann 6. október sl. og var samþykkt sem lög frá Alþingi sama kvöld. Með lögnum voru stjórnvöldum fengnar nauðsynlegar heimildir til að grípa til aðgerða í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði og Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja með víðtækum hætti vegna sérstakra aðstæðna eða atvika.

#### *Starfhæft bankakerfi tryggt*

Þrátt fyrir fall viðskiptabankanna þriggja sem náðu yfir um 85% af bankakerfi landsins, tókst að koma í veg fyrir að bankaþjónusta stöðvaðist. Öll hefðbundin innlend bankaþjónusta gekk áfallalaust, bankaútibú voru opin og greiðslukort virkuðu. Það var gert m.a. á þann hátt að Fjármálaeftirlitið beitti ákvæðum laga nr. 125/2008 og vék frá stjórnnum bankanna og skipaði skilanefndir í þeirra stað, eftir bankaráðin höfðu komist að þeirri niðurstöðu að þeim væri ókleift að halda áfram rekstri og óskuðu eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki yfir stjórn þeirra.

Í kjölfarið skipti Fjármálaeftirlitið upp bönkunum og nýir bankar voru stofnaðir af fjármálaráðuneytinu. Skiptingin á eignum bankanna var í meginatriðum þannig að nýi bankinn tók yfir innlenda bankastarfsemi en erlend starfsemi var í gömlu bönkunum. Við stofnun nýju bankanna var settur upp stofnefnahagsreikningur til bráðabirgða, en unnið er að endanlegu verðmati á eignum og skuldum nýju bankanna.

#### *Breytingar á lögum um gjaldeyrismál*

Viðskiptaráðherra mælti fyrir frumvarpi um breytingar á lögum um gjaldeyrismál að kvöldi 27. nóvember sl. Var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi síðar um nóttina. Með lögnum var Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að gefa út reglur, með samþykki viðskiptaráðherra, um takmörkun á tilteknum fjármagnshreyfingum sem ekki snerta viðskipti með vörur og þjónustu. Heimild Seðlabanka Íslands er tímabundin og nær gildistími hennar til sama tíma og efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins eða til 30. nóvember 2010. Þess er vænst að hömlur á fjármagnshreyfingar gildi í sem skemmstan tíma.

#### *Gagngert endurmat á eignum og skuldum*

Fjármálaeftirlitið gerði samning við óháðan, alþjóðlegan matsaðila um gagngert endurmat á eignum og skuldum nýju bankanna. Fjármálaeftirlitið hefur ráðið hið virta alþjóðlega ráðgjafafyrirtæki, Oliver Wyman, til þess að hafa umsjón með og annast þetta endurmat. Aðferðunum, sem notaðar verða við matið, er ætlað að endurspeglu þau verðmæti sem til langs tíma litið felast í eignum nýju bankanna, en ekki það verð sem fyrir þær fengist við þvingaða sölu við erfiðar markaðsaðstæður. Lánardrottnum bankanna verður gefinn kostur á að kynna sér áformaðar matsaðferðir og koma með ábendingar varðandi þær meðan þær eru enn á mótunarstigi.

### ***Breytingar á lögum um slit fjármálafyrirtækja***

Þann 13. nóvember sl. var frumvarp viðskiptaráðherra til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki samþykkt á Alþingi sem lög nr. 129/2008. Í lögnum voru gerðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem nauðsynlegar voru til að auðvelda fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn í, á grundvelli laga nr. 125/2008, að fá heimild til greiðslustöðvunar. Þá voru gerðar breytingar á ýmsum atriðum sem snéru að greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja.

Í frumvarpinu var aðeins tekið á þeim atriðum sem brýnt var að leysa úr á þeim tíma, en ekki var um að ræða heildstæða endurskoðun á ákvæðum um slit fjármálafyrirtækja.

### ***Endurskoðun á lögum um slit fjármálafyrirtækja.***

Viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Með frumvarpinu eru lagðar til viðamiklar breytingar á XII. Kafli laga um fjármálafyrirtæki, en kaflinn fjallar um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki. Í frumvarpinu er lagt til að setta verði nýjar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja sem taki mið af reglum um gjaldþrotaskipti. Gert er ráð fyrir að skipuð verði slitastjórn sem hafi um flest sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús, þó þannig að slitastjórn skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis. Þá er kveðið á um að slitameðferð geti lokið með ferns konar hætti, m. a. að hefja starfsemi á ný eða leita nauðasamninga. Í bráðabirgða ákvæðum með frumvarpinu er mælt fyrir um hvernig fara skuli með fjármálafyrirtæki sem njóta greiðslustöðvunar við gildistöku laganna.

### ***Aðgerðir í þágu heimila og viðskiptalífs***

#### ***Frysting myntkórfulána***

Viðskiptaráðuneytið hlutaðist til um að beina þeim tilmælum ríkisstjórnarinnar til viðskiptabankanna í eigu ríkisins, að frystar yrðu afborganir skuldara á myntkórfulánum, sérstaklega vegna húsnæðislána, þar til ró kæmist á gjaldeyrismarkaðinn. Einnig var þeim tilmælum beint til sömu aðila að fólki í greiðsluerfiðleikum yrðu boðin sömu úrræði og til staðar eru hjá Íbúðalánasjóði vegna greiðsluerfiðleika. Auk þess var óskum beint til annarra fjármálafyrirtækja að veita sömu fyrirgreiðslu.

Tilmælin voru síðar ítrekuð.

#### ***Dráttarvextir lækkaðir***

Viðskiptaráðherra flutti frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu fyrir áramót, sem tóku gildi 1. janúar sl. Samkvæmt lögnum voru dráttarvextir lækkaðir um áramót. Dráttarvextir miðast framvegis við 7% álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans til lánastofnana í stað þess að lögin kváðu á um að dráttarvextir skyldu vera 11% álag. Heimild Seðlabanka til að ákveða annað vanefndaálag ofan á viðmiðunarvexti var felld brott, en eldri lög kváðu á um heimild til að ákvarða álag vegna dráttarvaxta frá 7%-15%. Þá var kveðið á um að Seðlabankinn skyldi birta dráttarvexti 1. dag hvers mánaðar í stað tvisvar á ári.

#### ***Skilmálar í almennum fasteigna- og myntkórfulánum neytenda***

Neytendastofa hefur haft til sérstakrar skoðunar skilmála í almennum fasteigna- og myntkórfulánum neytenda. Byggist skoðunin á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005,

með síðari breytingum. Hefur Neytendastofa m. a. krafist þess að tiltekin fjármálafyrirtæki breyti skilmálum sínum.

#### ***Reglugerð sett um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar***

Sett hefur verið Reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sem öðlaðist gildi 1. febrúar. Kjarni Reglugerðarinnar er að sett er þak á þá fjárhæð sem krefja má skuldara um við innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Þakið sem nú er sett á innheimtukostnað hefur í för með sér að aðeins má taka 900 kr. fyrir skyldubundna innheimtuviaðvörðun til einstaklinga frá innheimtuaðila, m.a. lögmanni, eftir gjalddaga kröfu (ellegar eindaga sem síðar er tilgreindur). Fyrir valfrjáls milliinnheimtubréf má taka mismunandi gjöld eftir höfuðstól kröfu, lægst fyrir lágur kröfur, þ.e. 1.250 kr. en hærri fjárhæð eða allt að 5.500 kr. fyrir hærri kröfur. Sömu takmörk eru á greiðslu skuldara fyrir fyrstu og aðra ítrekun milliinnheimtubréfs.

Þá felst mikilvæg réttarbót í því að skuldari á rétt á að fá innheimtuviaðvörðun gegn vægu gjaldi eftir gjalddaga eða tilgreinds eindaga í stað þess að löginheimta geti hafist strax eftir gjalddaga, t.d. með greiðsluáskorun á grundvelli aðfararlaga með háum kostnaði.

Reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar byggir á innheimtulögum nr. 95/2008 er öðluðust gildi 1. janúar sl. Í lögnum og Reglugerðinni er m.a. kveðið á um góða innheimtuhætti þannig að ekki má t.d. beita skuldara óhæfilegum þrýstingi eða valda honum óþarfa tjóni eða óþægindum.

#### ***Samkeppniseftirlitið beindi tíu meginreglum um samkeppni til viðskiptabanka í eigu ríkisins***

Þann 12. nóvember sl. birti Samkeppniseftirlitið álit nr. 3/2008 um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Í álitinu var því beint til viðskiptabanka sem eru í eigu ríkisins að við töku ákvarðana er varða framtíð fyrirtækja verði höfð hliðsjón af þeim mikilvægu langtímahagsmunum almennings og viðskiptalífsins að virk samkeppni geti þrífist á sem flestum mörkuðum hér á landi. Beindi Samkeppniseftirlitið því til bankanna að hafa tiltekna meginreglur til hliðsjónar við slíkar ákvarðanir, en þær fjalla m.a. um að sú ráðstöfun sé valin sem raskar samkeppni sem minnst, að ekki sé stofnað til aukinnar fákeppni eða óskillegra stjórnunar- og eignatengsla, heldur leitast við að draga úr slíku ástandi, að hagsmunir tveggja keppnauta séu ekki á hendi sömu aðila, að hlutlægni í ráðstöfun eigna sé tryggð, að skapaðir séu möguleikar fyrir nýja aðila til að koma inn á samkeppnismarkaði og dreifðara eignarhaldi fyrirtækja, að tilnefndur sé ábyrgðaraðili samkeppnismála sem hafi umsjón með samkeppnislegu mati á ráðstöfunum og að ferli við töku ákvarðana sé gegnsætt og skrásett. Þá lagði Samkeppniseftirlitið fyrir bankana að gera opinberlega grein fyrir ferlum og vinnureglum um þetta.

#### ***Aðgerðir talsmanns neytenda vegna stöðu neytenda í tengslum við peningamarkaðssjóði***

Eftir fjármálaáfallið vann talsmaður neytenda að því að koma í farveg álitaeftum sem varða neytendur sem tapað hafa fé í svonefndum peningamarkaðssjóðum stóru bankanna þriggja. Í því skyni hélt talsmaðurinn fundi með lögmönnum, neytendum og hagsmunaaðilum, fulltrúum bankanna og óskaði upplýsinga frá bönkunum um tryggingar vegna hugsanlegra mistaka starfsmanna, stjórnenda og stjórnarmanna við ráðgjöf í tengslum við kaup í peningamarkaðssjóðum.

## **Rannsókn á falli bankanna og endurskoðun á lögum um fjármálamarkað**

### ***Óskað eftir aðgangi að rannsóknargögnum***

Viðskiptaráðherra skrifaði stjórnvöldum í Lúxemborg bréf, 10. desember sl., þar sem óskað var eftir því við stjórnvöld í Lúxemborg að þau myndu veita öllum þeim aðilum sem hafa með rannsókn á falli íslensku bankanna að gera og aðdraganda þess nauðsynlegan aðgang að gögnum sem því tengjast og geta verið að finna í dótturfélögum íslensku bankanna þar í landi.

### ***Endurskoðun laga á sviði fjármálamarkaðar***

Viðskiptaráðherra hefur skipað nefnd til að fara yfir lög á sviði fjármálamarkaðar í ljósi þeirrar reynslu sem unnt er að draga af fjármálaáfallinu. Stefnt er að endurskoðun á víðtæku sviði, svo sem er varðar viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki, töku hlutabréfa fjármálafyrirtækja sem veð gegn láni, hlutverki, hæfisskilyrði og reglur stjórna, krosseignarhald, takmarkanir á stórum áhættum og náin tengsl. Á nefndin að fylgjast með þeirri vinnu sem fram fer nú á vegum Evrópusambandsins í tengslum við breytingar á reglum vegna fjármálaáfallsins í heiminum og greina hvaða breytingar gera þarf á íslenskum lögum vegna þeirra. Þá skal nefndin veita Kaarlo Jännäri, upplýsingar, en hann hefur verið ráðinn af íslenskum stjórnvöldum til að gera úttekt á lögum og eftirliti á sviði fjármálamarkaðar. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum 15. apríl.

### ***Endurskoðun á hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum***

Viðskiptaráðuneytið hefur ákveðið að láta gera rannsókn á hvort rétt sé að gera breytingar á hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum í ljósi fjármálaáfallsins. Lagastofnun Háskóla Íslands hefur verið fengin til verksins.

### ***Endurskoðun á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði***

Viðskiptaráðherra hefur ákveðið að fram fari endurskoðun á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði í ljósi fjármálaáfallsins.

### ***Skýrsla Samkeppniseftirlitsins um krosseignatengsl***

Samkeppniseftirlitið er að vinna að skýrslu um eignatengsl í íslensku atvinnulífi og þann lærdóm sem hægt er að draga af þeim tengslum hafa verið fyrir hendi. Ljóst er að krosseignatengsl, hulið eignarhald og ógagnsæ hagsmunatengsl geta raskað samkeppni og unnið gegn heilbrigðum fyrirtækjarekstri. Í skýrslunni verður fjallað um þetta og bent á lausnir til úrbóta.

### ***Rannsókn Fjármálaeftirlitsins***

Fjármálaeftirlitið hefur síðan um miðjan október sl. rannsakað hvort brotið hafi verið gegn þeim lögum sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með í starfsemi bankanna þriggja sem komust í greiðsluþrot í byrjun þess mánaðar. Má nefna að til skoðunar eru viðskipti með verðbréf og markaðssetning- og fjárfestingar peningamarkaðssjóða. Fjármálaeftirlitinu hafa einnig borist ýmsar ábendingar og eru þær skoðaðar sérstaklega.

Þessu tengt var ráðist í umfangsmiklar frumrannsóknir utanaðkomandi sérfræðingar að beiðni Fjármálaeftirlitsins. Voru þeir fengnir til að skoða ákveðna þætti er snúa m.a. að innri reglum bankanna

og lögum um fjármálafyrirtæki. Þessi skoðun snýr t.d. að þáttum eins og óeðlilegum fjármagnshreyfingum innan samstæðu eða milli landa, skilmálabreytingum lánasamninga, breytingum á tryggingum og veðum, meðferð afleiðusamninga, viðskiptum með verðbréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og meðferð rekstrarfjármuna. Upplýsingum vegna þessarar skoðunar hefur verið skilað til Fjármálaeftirlitsins. Um er að ræða frumgögn sem telja mörg hundruð blaðsíður.

#### ***Heimildir Fjármálaeftirlitsins til að lækka eða fella niður stjórnvaldssektir og falla frá kærur til lögreglu.***

Þann 3. mars 2009 mælti viðskiptaráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn. Í frumvarpinu er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái til að fella niður eða lækka stjórnvaldssektir og falla frá kærur til lögreglu ef fyrirtæki eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram með upplýsingar eða gögn sem leitt geta til rannsóknar eða sönnunar á broti eða eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem eftirlitið hefur þegar í fórum sínum. Markmið með frumvarpinu er að stuðla að því að brot á sviði fjármálamarkaðar verði upplýst.

#### ***Aukið gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins***

Þann 3. mars 2009 mælti viðskiptaráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 og lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að greina frá niðurstöðum mála og athugana sem byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Markmið með frumvarpinu er að auka gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Frumvarpið hefur verið samþykkt sem lög frá Alþingi.

#### ***Frumvarp til laga um breytingar á hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum.***

Viðskiptaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Snerta tillögurnar eignarhald, kynjahlutföll í stjórnnum og meðal starfsfólks og framkvæmdastjóra og starfandi stjórnarformenn. Markmið með frumvarpinu er að meira gagnsæi ríki um eignarhald og atkvæðisrétt í hlutafélagum, kynjahlutföll í stjórnnum og starfsfólks verði sem jöfnust og að stjórnarformönnum verði ekki unnt að starfa fyrir félagið.

#### ***Aðgerðir til eflingar atvinnustarfsemi***

##### ***Skýrsla Samkeppniseftirlitsins um uppbyggingu og eflingu atvinnustarfsemi***

Þann 27. nóvember sl. birti Samkeppniseftirlitið skýrslu sína Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi. Í skýrslunni eru settar fram rúmlega 90 hugmyndir og tillögur sem ætlað er að eyða eða draga úr hindrunum og skapa þannig forsendur fyrir öflugri atvinnurekstri og auknum möguleikum frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja. Beinast tillögurnar bæði að opinberum aðilum og fyrirtækjum. Tillögur þessar byggja á athugun Samkeppniseftirlitsins og upplýsingum úr fyrri athugunum. Hefur athugunin m.a. falist í viðræðum við mörg fyrirtæki, hagsmunasamtök, opinbera aðila og fræðimenn við háskólana. Vinna við skýrsluna hófst strax eftir hrun viðskiptabankanna.

#### ***Samstarf, starfshópar og nefndir***

Auk ofangreinds hefur viðskiptaráðuneytið tekið þátt í fjölmörgum starfshópum og nefndum um úrlausnarefni vegna fjármálaáfallsins.